



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Grænbók - stefna um málefni sveitarfélaga

### Samráð hófst

30. apríl 2019

### Samráð lauk

11. júní 2019

### Fjöldi umsagna

24

### Umsagnaraðilar

Alls bárust 24 umsagnir, flestar frá þeim sveitarstjórnnum og byggðaráðum þar sem Grænbókin hafði verið til umfjöllunar, nokkrar frá einstaklingum og þrjár frá samtökum.

### Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Grænbók – umræðuskjal um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga var kynnt öllum sveitarstjórnnum um leið og hún var sett inn á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 30. apríl og var frestur til að skila umsögnum til 11. júní. Alls bárust 24 umsagnir.

**Listi yfir umsagnaraðila og stutt samantekt um umsagnirnar** eru meðfylgjandi sem fylgiskjal. Þá er meðfylgjandi samantekt og frásagnir af kynningarfundum með fulltrúum sveitarfélaga og landshlutasamtaka.

Almennt má segja að umsagnirnar hafi verið jákvæðar, sveitarstjórnarmenn fagna samtalinu um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga og eru sammála helstu leiðarljósum og markmiðum sem kynnt voru í Grænbókinni, þ.e. að sveitarfélög verði að vera sjálfbærar og öflugar stjórnsýslueiningar sem geti tryggt íbúum sínum sem bestu þjónustu, að sveitarfélög séu í stakk búin til að takast á við samfélagsbreytingar og byggðapróun, að þau séu vettvangur lýðræðislegrar starfsemi og að gagnkvæm virðing verði að ríkja í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Nær undantekningalaust má segja að í umsögnum komi fram það sjónarmið að það þurfi að efla sveitarfélögin og sveitarstjórnarstigið í heild, m.a. með því að stækka sveitarfélögin en skiptar skoðanir eru á því hvernig það skuli gert. Það var líka sameiginleg skoðun allra að það þurfi að endurskoða Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og stórefla aðkomu hans að sameiningum sveitarfélaga og að ríkið þurfi að koma að því verkefni með nýtt fjármagn (framkvæmdir/samgöngur) eða nýtt samkomulag um fleiri verkefni. Samstarf ríkis og sveitarfélaga, sjálfstjórn sveitarfélaga, nýir tekjustofnar, fjárhagsleg sjálfbærni, staða

kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum eru verkefni sem oft eru nefnd og vilji til að sjá tillögur að nýjum leiðum og úrbætur. Þessum áherslum má sjá stað í þingsályktunartillögunni og verkefnum sem þar eru tilgreind.

Samráðsfundir starfshópsins með sveitarstjórnarfólki voru haldnir um allt land, alls 8 fundir og mættu þar nær 140 einstaklingar. Stjórnir landshlutasamtaka sveitarfélaga skipulögðu fundina í samvinnu við starfshóp ráðuneytisins. Samantektir eða fundafrásagnir þar sem tekið er saman og efnislega raðað upp það helsta sem rætt var á fundunum fylgja hér í viðauka.

Eins og í umsögnum sem bárust í samráðsgáttina voru fundarmenn mjög ánægðir með áform um gerð stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga og flestir sammála því sem þar kemur fram hvað varðar markmið og leiðarljós. Þau málefni sem þarna voru rædd stjórnuddust að einhverju leyti af aðstæðum og sérstöðu á hverjum stað en almennt má segja að flest allir hafi verið sammála um mikilvægi þess að efla sveitarfélögin í landinu en – ekki alltaf sammála um leiðirnar.

Umsagnaraðilum er þakkað fyrir góðar umsagnir og umræður og mikilvægar ábendingar sem hafa nýst í ferlinu.

#### **Að loknu samráði**

Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga verða lögð til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda þann 8. ágúst 2019. Frestur til að skila inn umsögnum verður til og með 9. september 2019.

## SAMANTEKT UMSAGNA SEM KOMU INN Í SAMRÁÐSGÁTT STJÓRNARRÁÐSINS ÁSAMT ÞEIM SEM VORU SENDAR RÁÐUNEYNTINU

Alls bárust 24 umsagnir. Flestar komu í gegnum samráðsgátt Stjórnarráðsins en nokkrar voru sendar ráðuneytinu í almennum tölvupósti eftir að frestur rann út. Það sem fer hér á eftir eru stuttar samantektir af hverri umsögn.

### 1. Sveitarfélagið Skagafjörður

Í bókun byggðaráðs Skagafjarðar er lýst yfir almennri ánægju með þá vinnu sem hafin er og er þar tekið undir helstu atriði hvað varðar leiðarljós, áherslu og markmið sem fram koma í Grænbókinni. Byggðaráð leggur áherslu á að verkaskipting og ábyrgð sveitarfélaga eigi að vera skýr og sjálfstjórn þeirra virt.

### 2. Skútustaðahreppur/Þorsteinn Gunnarsson

Fjallað er um stöðu sveitarfélagsins (þar sem búa rétt um 500 manns) og að eins og er séu litlir fjárhagslegir hvatar fyrir Skútustaðahrepp sem kalli á sameiningu.

Fjárhagslegri hvatar (Jöfnunarsjóður sveitarfélaga) verða að fylgja lagasetningu um lágmarksíbúafjölda.

Umsögninni fylgir ítarleg greinargerð um sjálfstjórn sveitarfélaga og um stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga, staðbundin stjórnvöld innan ríkisins, rótgróið vantraust gagnvart ríkinu og endar á umfjöllun um að samstarfi ríkis og sveitarfélaga sé stefnt í hættu. Greinargerðin endar á spurningunni um hvort skynsamlegt sé, miðað við forsöguna, að fara í sameiningu sveitarfélaga með skipun að ofan. Það er ekki efast um heimild ríkisins til að setja lög þess efnis.

Skynsamlegra að leggja áherslu á aðgerðir sem efla traust í samstarfi ríkis og sveitarfélaga með skýrum leikreglum og samráði við íbúa og mikilvægi Jöfnunarsjóðs.

### 3. Sigurður Hreinsson

Sigurður Hreinsson vann umsögn sína með því að svara flestum spurningunum, hér verður aðeins stiklað á því helsta sem kom fram. Að hans mati er sjálfstjórn sveitarfélaga ekki nægilega virt (skipulagvald yfir fjörðum og víkum) og verkefni flutt frá ríki til sveitarfélaga án nægjanlegs fjármagns. Mikilvægt að efla traust milli aðila. Sigurður mælir með persónukjöri og telur ekki að hækking þóknunar til kjörinna fulltrúa muni bæti stöðu þeirra neitt frekar. Mjög mismunandi staða fulltrúa og fer eftir sveitarflögum. Ekki setja lög.

Sjálfbærni – hvað felst í því? Fjárhagsleg sjálfbærni bara einn hluti mælingarinnar. Lækkun skuldaviðmiðs þarf ekki að efla sjálfbærni (þörf fyrir stærri framkvæmdir). Þurfa nýja tekjustofna (tekjur af sjókvíaelði) – nýtt hugtak „lánsemi sveitarfélaga“ þ.e. sveitarfélög sem fá tekjur af náttúrulegum auðlindum sem eru í þeirra landi (hitaveita) en önnur ekki – þyrfti að deila þeim tekjum með þeim sem ekki hafa aðgang að auðlind.

Andvígur ákvæðum um fasta tölu um lágmarksíbúafjölda – heppilega stærð sveitarfélags þarf að miða við annars vegar íbúafjölda/hámark og lágmark og hins vegar landfræðilegar aðstæður (fjarlægðir). Ólík staða og mismunandi þjónusta sveitarfélaga fer ekki endilega eftir íbúafjölda. Landfræðileg staða skiptir líka máli. Ef það á að þvinga með lögum sameiningar verður að fylgja umtalsvert fjármagn. Sveitarfélög geta verið landfræðilega of stór og það komi niður á lýðræðinu. Þá þurfi að efla landshlutasamtök – eigi að geta tekið að sér verkefni sem gætu fallið undir þriðja stjórnsýslustigið.

Aukið íbúasamráð leið til að efla sveitarfélög. Að það komi til greina að stærri sveitarfélög taki að sér fleiri verkefni (A og B sveitarfélög).

#### **4. Bláskógabyggð**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fagnar þessu verkefni og leggur áherslu á að gætt verði hagsmuna sveitarfélaga og að lýðræðislegur réttur íbúa verði hafður að leiðarljósi.

#### **5. Borgarbyggð**

Í umsögninni eru nokkur atriði (fyrirsagnir) úr Grænbókinni tekin út og fjallað um það sem þar kemur fram. Tekið er fram að ekki hafi gefist tími til að fjalla um bókina á ítarlegan hátt.

M.a. var bent á að það þurfi að skilgreina vel hvað er átt við með „sjálfstjórn sveitarfélaga“. Með fleiri verkefnum eykst eftirlit og þá um leið skerðist sjálfstjórn.

Að ekki sé ljóst hvað átt er við með að sveitarfélög eigi að geta haft svigrúm í lausnum við framkvæmd þjónustu sem er ákveðin með lögum né heldur hvaða skilyrði sveitarfélag þurfi að uppfylla til að geta talist öflugt og sjálfbært sveitarfélag.

Tekjustofnar skammtaðir og veita ekki svigrúm til að bregðast við t.d. óhagstæðri byggðaðpróun. Á að vera hlutverk ríkisins.

Styrkja þurfi stöðu kjörinna fulltrúa (rannsókn).

Skoða þarf mismunandi íbúaþróun innan sveitarfélaga og svæða.

Þá er fjallað um samtök sveitarfélaga, bæði Sambandið og landshlutasamtökin og velt upp hvort starfsemi Sambandsins og vinna þess að hagsmunamálum sé í samræmi við þarfir sveitarfélaganna og tekið undir að þurfi að skoða og vinna í mállefnum landshlutasamtaka.

#### **6. Samband íslenskra sveitarfélaga**

Frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga barst ítarleg umsögn þar sem vinnu við langtímastefnumótun er fagnað og gerð grein fyrir aðkomu Sambandsins að vinnu starfshópsins. Í umsögninni er fyrst og fremst fjallað um stjórnarskrárbundinn sjálfvörðunarrétt sveitarfélaga, hvað í honum felst og minnt er á Evrópusáttmálann um sjálfstæði sveitarfélaga. Að mati stjórnar Sambandsins vantar nokkuð upp á að sjálfstjórnarrétturinn sé nógu vel tryggður né heldur tryggðar samskiptareglur.

Minnt á vinnu við endurskoðun stjórnarskrárinnar og tillögu að nýjum kafla í stjórnarskrá þar sem fjallað var um sveitarfélögin. Sambandið hefur lýst sig fylgjandi að sett verði frekari ákvæði í stjórnarskrá sem mundu skerpa á stjórnskipulagi sveitarfélaga, m.a. ákvæði um að sveitarfélög skuli hafa nægjanlega burði og tekjur til að sinna lögbundnum verkefnum, að innleidd verði svokölluð nálægðarreгла og að við undirbúning laga sem með beinum hætti varða málefni þeirra eða hafa áhrif á fjárhag þeirra skuli haft samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra.

Stjórn Sambandsins minnir á að á aukapingi Sambandsins sem stefnt er á að halda í september næstkomandi verði tekin afstaða til tillögu ráðherra að stefnumótandi áætlun í mállefnum sveitarfélaga.

#### **7. Grýtubakkahreppur/Þróstur Friðfinnsson**

Í umsögn sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps er lögð þung áhersla á lýðræðislegan rétt íbúa. Að fráleitt sé að horfa einungis til íbúatölu þegar fjallað er um stærð og sjálfbæra getu sveitarfélaga. Að horfa þurfi til margra annarra þátta eins og landfræðilegra aðstæðna og fjárhagslega getu til að veita íbúum lögbundna þjónustu. Sameining verður að byggja á fjárhagslegum, félagslegum og landfræðilegum forsendum ekki einungis á íbúatölu. Fyrst og síðast verður vilji íbúa að ráða ferð.

Alfarið hafnað hugmyndum að setja lög um lágmarksíbúafjölda. Grípa frekar til ýmissa „byggðaaðgerða“ til að styrkja svæði/sveitarfélög.

## **8. Hveragerðisbær/Aldís Hafsteinsdóttir**

Bæjarráð Hveragerðisbæjar fagnar þeirri vinnu sem á sér stað varðandi stöðu sveitarfélagastigsins og tekur undir helstu atriði sem fram koma í Grænbókinni og leggur áherslu á að sveitarfélög á Íslandi verði að geta séð um að veita lögbundna þjónustu við íbúa án þess að vera um of háð samstarfi við önnur sveitarfélög.

Lagt er til að sveitafélagamörk verði skönnuð út frá „þjónustusvæðum“ en það kallar á sterkari tekjustofna. Ef sett verða lög um stærð/íbúafjölda sveitarfélaga þarf að vera tryggt að öflugur heimanundur fylgi sameiningum.

Kosningalög verði endurskoðuð og horft til nýjunga eins og persónukjör. Þá telur bæjarráð til mikilla hagsbóta ef kjör sveitarstjórnarfulltrúa yrðu ákveðin með miðlægum hætti.

## **9. Einar Sigurður Kristjánsson**

Hér er á ferð stutt og hnitmiðuð umsögn og ein tillaga – að banna alla næturgistingu hvort sem er í tjaldi eða á gisitæki/húsbýlum utan viðurkenndra tjaldstæða á láglandi.

## **10. Akraneskaupstaður**

Bæjarráð Akranes fagnar Grænbókinni og tekur undir leiðarljós hennar. Tekið er undir þau sjónarmið að sveitarfélög annast sjálf nærþjónustu en mikilvægt sé að þeim séu tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við verkefni.

Bent er á mikilvægi þess að unnið sé að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs í þeim tilgangi að einfalda það, auka gegnsæi um úthlutanir og að jöfnunarkerfið feli í sér hvata til sameiningar sveitarfélaga.

Bæjarráð krefst þess að ríkið taki markvissan þátt í styrkingu sveitarstjórnarstigsins og fjárfesti í því með það að markmiði að sveitarfélögum verði fækkað umtalsvert. Einnig að leita skuli leiða til að öll nærþjónusta verði á forræði sveitarfélaga og er sveitarfélagið tilbúið að vera tilraunasveitarfélag þegar kemur að yfirfærslu framhaldsskólans, til þess verði þó að fylgja raunhæft kostnaðarmat og fullnægjandi fjármögnun ásamt skýrum skilgreiningum á ábyrgð og skyldum ríkis og sveitarfélaga.

## **11. Fjarðabyggð**

Bæjarráð Fjarðabyggðar leggur áherslu á að lágmarksstærð sveitarfélaga verði 500 íbúar. Reynsla þeirra sýnir ótvírætt að minni sveitarfélög styrkjast og þjónustustig þeirra batnar með sameiningu við stærra sveitarfélag.

Tekjustofnar séu tryggðir og benda sérstaklega á auðlindagjöld af fiskveiðum og fiskeldi. Það að ríkið sitji eitt og sér með þær tekjur og veitir ekkert til hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að annast þjónustuna og byggja upp nauðsynlega innviði, sé ekki sanngjarnt.

Jöfnunarsjóði verði falið aukið hlutverk í að styðja við sameiningu og stækkun sveitarfélaga og að sameinuð sveitarfélög sæti ekki skerðingu tekna úr sjóðnum. Lagt er til að sérstakt mat verði gert á fjölkjarna sveitarfélögum og að þau njóti aukinna framlaga í samræmi við það þjónustustig sem þau veita.

Skipulagsvald sveitarfélaga verði að fullu virt á grunnslóð þar sem fiskeldi er fyrirhugað og að fyrirkomulag og leyfisveitingar sveitarfélaga til starfsemi verði hluti af ferli við úthlutun leyfa.

## **12. Sveitarfélagið Hornafjörður**

Sveitarfélagið fagnar því að lagt sé í vinnu að stefnumótun í málefnum sveitarfélaga. Mikilvægt sé að skerpa á virðingu ríkisins fyrir sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga yfir tekjustofnum sínum, að ekki sé

verið að breyta lögum sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin án þess að tekjur komi á móti.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sé oft ekki nógu skýr, tækifæri sé til að efla verkaskiptingu t.d. með samningi við sveitarfélögin um rekstur heilbrigðisþjónustu. Bent á grá svæði t.d. hvað varðar geðræna þjónustu. Samskipti fari að mestu fram í gegnum Samband íslenskra sveitarfélaga eða landshlutasamtökin og hafa sveitarfélögin lítinn snertiflöt við ríkið t.d. hvað varðar fjárlög.

Ganga þurfi frá því að tekjustofnar sem verði til innan sveitarfélag sitji þar eftir t.d. gistináttaskattur, það sé á ábyrgð sveitarfélagsins að byggja upp innviði í tengslum við komur ferðamanna og til þess þurfi aukið fjármagn.

Ákveðin viðmið ættu að vera til staðar um fjölda fulltrúa í sveitarstjórn eftir stærð. Skoða þarf kjör og starfsaðstæður til að efla þátttöku í sveitarstjórnunum. Gæti hjálpað ef fulltrúar væru með fast starfshlutfall, hægt sé að nýta tæknina betur og halda fjarfundum fyrir þá sem búa í dreifbýlum. Ákvarðanir um launakjör ættu að vera á hendi sveitarstjórnarstigsins sjálfs ekki ríkisvaldsins.

Nauðsynlegt geti verið að ákveða lágmarksíbúafjölda þannig að hvatning sé til staðar til sameiningar. Einnig er mikilvægt að hvarar séu til staðar í forni fjármagns, samgöngubóta eða annars slíks. Sóknarfæri í því að sameina sveitarfélög, aukin samþætting og hagræðing sem því fylgir. Sameiningunum þarf að fylgja fjárhagslegur stuðningur og má ekki hafa neikvæð áhrif á tekjur annara sveitarfélaga. Tækifæri til þess að flytja fleiri verkefni til sveitarfélaga það myndi efla sveitarfélög og auka samþættingu í rekstri.

### **13. Akureyrarkaupstaður**

Bæjarstjórn Akureyrar fagnar þeirri vinnu sem á sér stað varðandi stöðu sveitarstjórnarstigsins. Sveitarfélög hafa ekki nægilega góða aðkomu að ákvarðanatöku löggjafans og ekki vald til að áfrýja. Verkaskipting er nokkuð skýr almennt en óljós á mörgum sviðum, t.d. varðandi forvarnarmál, geðheilbrigðisþjónustu, málefni eldri borgara o.fl. Auka þarf samtal ráðuneyta beint við landsbyggðina. Nýta þarf fjarfundartækni betur. Sveitarfélög hafa of lítinn sjálfsákvörðunarrétt yfir eigin tekjustofnum en getur verið of ríkur í skipulagsmálum.

Bæjarstjórn telur jákvætt að taka upp persónukjör og telur eðlilegt að gefa hámarksfjölda fulltrúa frjálstan. Allar sveitarstjórnir ættu að vera skyldugar til að skilgreina starfshlutfall kjörinna fulltrúa miðað við verkefni.. Gera þarf umhverfið fjölskylduvænna og efla tengslanet kvenna með aðgerðum sem gefa þeim kost á að styrkja sig. Íbúasamráð er vænleg leið til að auka traust milli íbúa og kjörinna fulltrúa.

Hvað varðar sjálfbærni eru mörg sveitarfélög ekki fær um að sinna lögbundnum skyldum sínum og geta því ekki talist sjálfbær ef getan byggist á framlögum úr Jöfnunarsjóði. Einnig eru til sveitarfélög sem byggja alla sína þjónustu á samningum við önnur og stærri nágrannasveitarfélög.

Erfitt er að áætla ákveðna íbúafjöldatölu þar sem stærð og dreifing byggðar spilar inn í, 2.000-5.000 íbúar að lágmarki gæti verið nærri lagi.. Önnur leið væri að tryggja að jöfnunarkerfið ýti undir sameiningu og dregið sé úr framlögum sem vinna gegn sameiningu. Einnig þarf að taka tillit til höfuðstaðarhlutverks sveitarfélaga þegar kemur að jöfnun og sveigjanleiki til að mæta áföllum.

### **14. Rangárþing eystra**

Sveitarstjórn Rangárþings eystra fagnar því að verið sé að vinna að stefnumótun í málefnum sveitarstjórnarstigsins. Sveitarstjórnin vill koma því á framfæri að það sé mikilvægt að skilgreina með skýrum hætti hvað átt sé við með því að sveitarfélag sé öflug og sjálfbær stjórnsýslueining áður en lengra er haldið. Mikilvægt er að horfa ekki bara til höfðatölu við sameiningar heldur einnig annara þátta eins og landfræðilegra. Komi þurfi á verulegum hvata sem felur í sér samfélagslegan og fjárhagslegan ávinning. Byggja þurfi sameiningar á faglegum rökum og vönduðum vinnubrögðum og

passa að þriðja stjórnarsýslustigið verði ekki til. Forðast eigi eins og kostur er að fara í þvingaðar sameiningar og virða eigi skipulagsvald sveitarfélaganna.

### **15. Hvalfjarðarsveit**

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar fagnar því að vinna við Grænbók sé komin á dagskrá. Jafnframt er bent á að íbúafjöldi sveitarfélags eigi ekki að vera mælistika á styrk til reksturs lögbundinna verkefna. Sjálfbærni sveitarfélags sé mun mikilvægari þáttur en lágmarksíbúafjöldi. Ólýðræðislegt sé að þvinga sveitarfélög til sameiningar gegn vilja þeirra sökum lágmarksíbúafjölda án þess að íbúar eigi kost á að greiða atkvæði um það. Skoða þurfti stöðu sveitarfélags og hvort það geti staðið undir lögbundnum verkefnum og veitt almenna þjónustu við íbúa og er sjálfbært að öllu leyti. Sameining sem skili ekki hagræðingu í rekstri eigi ekki rétt á sér. Varðandi stöðu kjörinna fulltrúa er brottfall áhyggjuefni og ættu kjaramál kjörinna fulltrúa ekki að vera á ábyrgð sveitarstjórnar heldur gæti miðlægt stjórnvald komið sterkt til greina.

### **16. Samgöngufélagið**

Félagið fagnar þeirri góðu vinnu sem hefur átt sér stað með Grænbókinni. Kastljós félagsins beinist að skipulagsvaldi sveitarfélaga, það sé hvergi notast við orðið „skipulagsvald“ í lögum eða reglugerðum. Það sé ekki eðlilegt að sveitarfélög geti ein ráðið landnotkun innan síns svæðis, þau hafi ekki öðlast eignarrétt að landinu og telja eigi land utan þéttbýlis sem sameign þjóðarinnar. Oft skorti heilstæða og ítarlega stefnu af hálfu sveitarfélaga eða samtaka þeirra (svæðisskipulag) þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, t.d. í vegamálum.

### **17. Samtök atvinnulífsins (SA)**

Athugasemdir SA lúta annars vegar að fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits á Íslandi og hins vegar fjármálastjórn A-hluta sveitarfélaga á því hagvaxtarskeiði sem nú er senn á enda. SA leggur til að einfalda heilbrigðiseftirlit á Íslandi, skipting landsins í 10 heilbrigðisumdæmi skapar kostnað og eykur líkur á hagsmunaárekstrum. Aukin hætta er á að mismunandi kröfur séu gerðar til starfsemi eftir því hvar hún er staðsett. Lagt er til að heilbrigðiseftirlit verði sameinað í eina stofnun sem tekur þá jafnframt yfir eftirlitsstarfsemi Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar, Fiskistofu, Neytendastofu, Mannvirkjastofnunar og Vinnueftirlitsins.

SA vekur athygli á mikilli tekjuaukningu hjá sveitarfélögum en lítið hafi farið fyrir skattalækkunum og skuldaniðurgreiðslu. Það sé áhyggjuefni að uppgangur síðustu ára sé frekar nýttur til að auka útgjöld fremur en að sýna aðhald og lækka álögur eða greiða niður skuldir. Nú hægi á gangi íslensks efnahags og spáð samdrætti og erfitt sé fyrir sveitarfélögin að bregðast við tekjusamdrætti þegar búið er að auka útgjöld á uppgangstímanum. SA hvetja sveitarfélög til að sýna aðhald á komandi árum og hagræða í rekstri fremur en að skuldsetja sig enn frekar eða auka álögur á fólk og fyrirtæki.

### **18. Grímsnes- og Grafningshreppur**

Sveitarstjórnin fagnar þeirri vinnu sem á sér stað í málefnum sveitarfélaga og tekur undir helstu atriði Grænbókar. Sammála um að gæta þurfi að sjálfsstjórn sveitarfélaga og rétti þeirra til að ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð, svo sem verkefnum og fjárhag. Styrka eigi lýðræðislega þátttöku íbúa og auka virkni og aðkomu þeirra við ákvarðanatöku og stefnumótun.

### **19. Eyjafjarðarsveit**

Fagnar framkominni Grænbók og telur nauðsynlegt að hafa langtíma stefnu í málefnum sveitarfélaga. Mikilvægt sé að skilgreina vel sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga og að hann sé nægjanlega tryggður í lögum og reglugerðum og að hann sé virtur. Ef settur verður lágmarksíbúafjöldi sé æskilegt að hafa hann 250 íbúa en ekki sé æskilegt að gera það í þrepum eins og verkefnastjórnin lagði til. Nauðsynlegt sé að fara ekki offari við endurskoðun Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn sé mikilvægur og nauðsynlegt að hann haldi ákveðinni kjölfestu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að hagsmunir sveitarfélaga og lýðræðislegur réttur íbúa verði hafður að leiðarljósi við áframhaldandi vinnu.

## 20. Kjósarhreppur

Í umsögn sveitarstjórnar Kjósarhrepps er hafnað hugmyndum um að sveitarstjórn ekki geta borið tillögu um eða drög að samkomulagi í tengslum við sameiningu undir íbúa hreppsins. Það verði að teljast mjög ólýðræðisleg hugmynd.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps hefur fullan skilning á því að setja þurfi einhver stærðarmörk fyrir sveitarfélög. Hún telur þó að gefa megi nokkurn sveigjanleika þannig að líta megi til fjölda notenda margvíslegrar sameiginlegrar þjónustu, t.d. þar sem þeir eru yfir 1.000 eins og í fjölmönnum frítíma sveitarfélögum.

Einnig verði litið til sjálfbærni sveitarfélagsins. Ekki síst varðandi góðan aðlögunarfrest til sameiningar. Loks er mikilvægt að gefa íbúunum vissst svigrúm varðandi val á sveitarfélagi til sameiningar við þegar sameining er óhjákvæmileg.

## 21. Dalvíkurbyggð

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar fagnar Grænbókinni og þeirri stefnumótun sem hún boðar. Byggðaráðið vekur athygli á þeirri vondu stöðu sem uppi er varðandi byggðaþróun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og hvetur til aðgerða undir formerkjunum starfa án aðgreiningar og hvetur til þess að ríkisstofnanir í heilu lagi verði fluttar og dreift um landsbyggðina í þeim tilgangi að styrkja sveitarfélög og byggðir.

Þá telur byggðaráð að viðmið um íbúafjölda eitt og sér dugi ekki til að skilgreina sveitarfélag – að réttar sé að miða við fjárhagslegar forsendur, t.d. að sveitarfélag verði að geta staði undir rekstri ákv. hluta verkefna eða þjónustu. Mikilvægt er að íbúar hafi sjálfsákvörðunarvald hvað varðar sameiningu við annað sveitarfélag.

Mikilvægt að tryggja tekjustofna með nýjum verkefnum sem sveitarfélögin er gert að vinna skv. lögum, svo sem húsnæðisáætlunargerð, persónuverndarlög og jafnlaunavottun og að tekjur fari þangað sem þjónustan er veitt. (t.d. fiskeldi).

Þessari almennu umsögn fylgja svör við spurningunum sem fylgdu Grænbókinni. Þar kemur m.a. fram að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sé alls ekki nógu skýr og að fyrirkomulagið flókið og ógagnsætt. Að sveitarfélög eigi að geta ráðið hversu marga fulltrúa þau kjósi og litið er jákvæðum augum á persónukjör. Hvað varðar kjör sveitarstjórnarmanna er lagt til að laun þeirra verði greidd úr Jöfnunarsjóði. Bent er á að stærri sveitarfélög eru ekki að skila betri rekstri en mörg minni og að þjónustan er mjög misjöfn og fer ekki alltaf eftir stærð.

## 22. Seltjarnarnes

Bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar sendi inn umsögn þar sem svarað er allflestum þeim spurningum sem lagðar eru fram í Grænbókinni. Hér gerð grein fyrir nokkrum tillögum og vangaveltum um það sem betur mætti fara.

Það þarf að bæta ýmislegt í samskiptum ríkis og sveitarfélaga – þó svo að í grunnin séu þau góð. Það sama á við um verkaskiptinguna. Samt alltaf „núningarfletir“ sem góð samskipti og góður undirbúningur geta lagað. Reglubundin skýrslugjöf til Alþings gæti bætt samskiptin.

Að sveitarstjórn í kjölfar tvennra kosninga geti sjálf ákveðið fjölda fulltrúa. Persónukjör getur stuðlað að betri samvinnu kjörinna fulltrúa. Þarf að skoða kjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa – gæti verið mikill aðstöðumunur sem fer eftir stærð sveitarfélaga.

Samráð og samtöl við íbúa mikilvæg. Mikilvægast að koma upplýsingunum til íbúa, halda íbúafundi og aðra opna fundi. Beita rafrænum upplýsingamiðlum.

Að setja í lög ákvæði um lágmark íbúafjölda er vafasamt. Tekur ekki afstöðu til tillögu um ákveðna tölu (1.000). Markmið sameiningar sveitarfélaga hlýtur alltaf að vera bættur rekstur - betri þjónusta.



Gott samstarf sveitarfélaga vegur upp smæð sveitarfélags – góð byggðaþróun getur vegið upp smæð sveitarfélags en þó meiri líkur á að stærri sveitarfélög geti veitt betri þjónustu og nýtt sér betur ýmsa tækni í samskiptum og þjónustu. Ekki ástæða til að flytja fleiri verkefni á næstunni.

Það þarf að auka tekjur - breikka tekjustofna. Dæmi: gistináttgjald, auðlindagjald, vegtollar og fleira.

### **23. Skorradalshreppur**

Í umsögn hreppsnefndar kom fram, að hreppsnefnd er tiltölulega sátt við flesta þætti stefnunnar, en setur stórt spurningamerki við það, að stærð sveitarfélaga sé metin út frá höfðatölu. Hreppsnefndin sendir því eingöngu umsögn um þann kafla Grænbókarinnar.

### **24. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH)**

Í umsögn SSH kemur fram að stjórn SSH fagni samtalínu og bendir á nokkra þætti sem skipta máli í komandi umræðu eins og að ef sveitarfélög eigi að vera sjálfbærar og öflugar stjórnsýslueiningar þurfi að koma til ákvæði um lágmarksfjölda íbúa. Vanda þurfi vel til samvinnu um verkefnaflutning með tilliti til fjármagns sem taki mið af stefnumótun ríkisins til lengri tíma hvað varðar framkvæmd.

Samskipti ríkis og sveitarfélaga þarf að bæta, það þarf að rýna hvort það samstarf sem þegar er formfest verði tryggt enn betur. Tryggja þarf með markvissum hætti að formfesta enn betur 129. gr. sveitarstjórnarlaga um kostnaðarmat og ákvæðum um árlega greinargerð fylgt eftir. Þá er lagt til að Alþingi verði með reglubundnum hætti flutt skýrsla um stöðu einstakra mála er varða sveitarstjórnarstigið.

## FYLGISKJAL II

### SAMRÁÐSFUNDIR VEGNA GRÆNBÓKAR UM STEFNUMÓTUN Í MÁLEFNUM SVEITARFÉLAGA

Hér á eftir fara samantektir/fundafrásagnir, ekki hefðbundnar fundargerðir, frá samráðsfundum sem starfshópurinn átti með fulltrúum sveitarfélaga og frá landshlutasamtökum. Fundirnir voru undirbúnir í samvinnu við framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna. Fundirnir voru haldnir á tímabilinu 13. maí til 14. júní 2019.

Grænbókin - umræðuskjal um stefnumótun í málefnum sveitarfélaga var sett inn á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 30. apríl og var um leið kynnt öllum sveitarstjórnnum og landshlutasamtökum og var frestur til að skila umsögnum til 11. júní. Í fundarboði voru menn hvattir til að kynna sér Grænbókina og þar kemur fram að efni hennar yrði haft til hliðsjónar á öllum fundunum sem einhvers konar „gátlisti“ þó svo að fullt tillit hafi svo verið tekið til aðstæðna á hverjum stað og þess sem lá fundarmönnum helst á hjarta.

Við vinnu við gerð þingsályktunartillögunnar voru fundarfrásagnirnar greindar og byggir innihald og áherslur þingsályktunartillögunnar m.a. á því sem þar kemur fram.

#### 1. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn í Valaskjálfi Egilsstöðum, mánudaginn 13. maí og hófst kl. 11:00.

*Mættir:* Gauti Jóhannesson frá Djúpavogi. Björn Ingimarsson, Anna Alexandersdóttir, Steinar Ingi Þorsteinsson og Stefán Bogi Sveinsson frá Fljótsdalshéraði. Jóna Árný Þórðardóttir frá Austurbrú. Gunnlaugur Sverrisson, Þórður Vilberg Guðmundsson og Einar Már Sigurðsson frá Fjarðabyggð. Aðalheiður Borgþórsdóttir og Hildur Þórisdóttir frá Seyðisfirði.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson, formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin og Hermann Sæmundsson, Stefanía Traustadóttir og Tinna Dahl Christiansen frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

*Valgarður Hilmarsson* formaður setti fundinn og gerði grein fyrir aðdraganda að skipan starfshópsins og verkefnum hans (sjá glærुकynningu). Hann fór m.a. yfir hvernig unnið verði að framkvæmd verkefnisins að lokinni umfjöllun og samráði um Grænbókina og úrvinnslu þess sem þar kemur fram, þ.e. gerð þingsályktunartillögu og samráð um hana.

*Hermann Sæmundsson* skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu gerði frekari grein fyrir hvernig fundurinn fer fram, lagði áherslu á að verkefni funda sem þessara væri að fá skýrari mynd af hverjar áskoranirnar væru og hvernig mætti vinna með þær. Að safna saman sjónarmiðum um allt land. Hann kynnti Grænbókina enn frekar og fór yfir helstu þætti í ritinu.

#### Umræður:

##### *Þarf að efla sveitastjórnarstigið?*

- Já – en hvernig að verður gert er viðfangsefnið.
- Heildarhagsmunir sveitarfélaga og íbúa – að efla byggðir.
- Viljum við efla sveitarstjórnarstigið – svarið er já – allir sammála - **en ósammála um leiðirnar.**
- Að efla sveitarstjórnarstigið felst m.a. í að gera íbúum kleift að sækja sem mesta þjónustu í heimabyggð og þurfi ekki að fara suður.
- Til leiðir – allt er hægt - en það kostar fjármagn - er það aðgengilegt?

### ***Hvernig eflum við sveitarstjórnarstigið?***

- Fækka sveitarfélögum.
- Höfum verið með hliðarkerfið sem viðheldur litlum sveitarfélögum, t.d. Jöfnunarsjóður, nauðsynlegt að breyta þeim reglum.
- Fjármagn - það kostar að efla sveitarstjórnarstigið.
  - Verður að vera svæðisbundin sjálfstjórn – finna þetta jafnvægi.
  - Áhersla á sjálfstjórnina í málum sem standa íbúum nærri.
- Greina á milli heildarhagsmuna eða svæðisbundinna hagsmuna og nær (local) hagsmuna.
  - Finna leiðir til að efla nær-samfélagið innan ramma stærra samfélags (svæðisins).
- Klisjan með eflinguna – mikilvægt að allir séu á sömu blaðsíðu – að allir hafi sama skilning á því hvað er verið að gera, t.d. voru allir á sömu blaðsíðu þegar skólinn fór til sveitarfélaga.
- Flutningur á opinberum störfum. Danir eru í miklu átaki hvað varðar flutning á opinberum stofnunum og störfum. Það má hugsa sér að ein aðgerðartillagan samhliða áttakinu um eflingu sveitarstjórnarstigsins verði áætlun um að færa störf/stofnanir út á land. Tímasett og mælanleg áætlun.
- Nýsköpun atvinnulífsins ekki bara að vernda störf á landsbyggðinni heldur að skapa ný – auka störf – tengja það byggðaáætlun – í einn farveg – nýsköpun lykilhugtak í byggðaáætlun og eflir sveitarfélög – öflugri sveitarfélög, meiri slagkraftur.
- Nýsköpunarmiðstöð gagnrýnd,
  - Hvernig hún hefur endurskipulagt stoðþjónustu sína.
  - Hvernig sú stofnun hefur komið fram gagnvart sveitarfélögum og landsbyggðinni.
    - Er ekkert fjármagn fyrir frumkvöðla hér úti á landi – eftir á ráðgjöf - viðskiptaáætlun – eftir fjárfestingarsjóðir.
- Stuðningur Jöfnunarsjóðs.
- Ríkið þarf að taka þátt í þessu með fjármagni.

### ***Hvað þarf sveitarfélag að vera stórt til að geta sinnt verkefnum sínum?***

- Ekki miða við íbúafjölda.
- Miða við ákveðin verkefni, t.d. væri geta til að reka framhaldsskóla gott viðmið.
- Afgerandi tillaga sem var í Eyrúnarskýrslunni – um 1.000 íbúa – að fara í það í áföngum, kostir og gallar.
  - Kosturinn við íbúalágmark er að þar segir ekkert til um getu sveitafélaga til að vinna að verkefni sínum.
  - Það gerist ekkert sérstakt við 1.000 – er hægt að finna eitthvað annað en lágmarka íbúafjölda?
  - Hvað er það við 1.000 íbúa töluna sem breytir öllu?
  - Getur 1.000 íbúa sveitarfélag rekið öfluga stjórnsýslu?
  - Stór kostur að ákveða lágmarksíbúafjölda með lögum:
    - Taka ákvörðunarvaldið frá íbúum sveitarfélaga.
    - En er það í samræmi við „sjálfstjórnarréttinn“?
- Er of lág tala.
- 10 þúsund tala.
- Þarf að vera lágmark.
- Mikilvægt að hafa viðmið í lögum.
- Þingsályktun ekki bindandi fyrir Alþingi.
- Umræða um aðkomu þingsins að sameiningum sveitarfélaga (t.d. um fjárveitingar, gulrætur) og aukið fjármagn til Jöfnunarsjóðs.
- Það þarf að vera sýnilegt hagræði af sameiningu fyrir íbúa sveitarfélaganna. Það eru engin haldbær rök að segja við íbúa að sameiningin færi okkur bætta stjórnsýslu - ef hún svo fjarlægist íbúana – að þeir geti ekki nýtt sér hana á sama hátt og áður.

## ***Gæta vel að lýðræðislegum atriðum sem eru mikilvæg einkenni sveitarstjórnarstigsins***

- Efla áhuga – fá kjörna fulltrúa með og líka almenning.
- Rætt um heimastjórnirnar sem eru til umræðu í sameiningarferlinu fyrir austan.
- Íbúalýðræði - hvernig er best að gera það?
  - Grunnskólar og fleiri svæðisbundin verkefni verði hluti af nær lýðræðinu.
  - Umræða um mikilvægi þess að efla „grendar“ lýðræðið – (local-government).
- Lýðræði og þátttaka - ný kynslóð fólks sem er með aðrar hugmyndir um hvernig það vill eyða tímanum sínum.
- Útfærsla á íbúalýðræði skiptir máli.
- Tryggja áhrif íbúa á sitt samfélag.
- Tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós – en ábyrgðin er alltaf hjá sveitarstjórninni.
- Lýðræðið byggir á gömlum viðhorfum og vilja til að taka þátt ekki spurningunni „af hverju ætti ég að taka þátt í sveitarstjórn.“
- Tryggja að lýðræði verði heima - útfærsla – þeir sem eru kjörnir heimafyrir og einn úr þeim fari inn – en flókin útfærsla – jafnvel ófær við óbreyttar aðstæður - þarf að fara öfuga leið. Er hægt að breyta því?

## ***Verkefni og tekjustofnar***

- Tekjustofnar verkefni sem alltaf er verið að takast á við, nauðsynlegt að formfesta það enn frekar.
- Verkefni færð til sveitarfélaga án þess að þeim fylgi tekjur – t.d. aukin gjöld lögð á aðila sem tengjast ferðamennsku sem skila sér ekki til sveitarfélaga.
- Nýir tekjustofnar – gistinguáttaskatturinn.
- Auknar tekjur nauðsynlegar, innviðaupbygging er orðið vandamál.
- Tekjustofnar og samtalið við ríkið - taka ákvarðanir sem varðar sveitarstjórnarstigið,
  - Löggjöfin öll hjá ríkinu – annað ræður og hitt eltir.
- Tekjustofnar – fasteignagjöld – fasteignamat – bera saman - hér borga menn t.d. hærra en í Reykjavík – þarf ekki að skera þetta upp og einfalda – allir dauðhræddir - hætta á að ríkið taki meira og það ætti að vera öfugt.
- Jöfnunarsjóður er hér hærra en t.d. í Norðurlöndum – umræða um hann.
- Jöfnunarsjóður á ekki að vera tæki í opinberri hagstjórn - sveiflujöfnun er önnur en heildin á landinu öllu.

## ***Samskipti ríkis- og sveitarfélaga***

- Koma verkefni frá Alþingi – t.d. jafnlaunavottun sem ekki fylgir neitt fjármagn.
- Persónuverndarhlutinn kallar á meiri verkefni, meiri vinnu og fjármagn sem ekki kom með.
- Samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa alltaf verið um tekjustofna.
  - Þegar sveitarfélög taka við verkefnum verður einhvers konar „mögnun“ þjónustan verður meiri að umfangi.
- Það bætir og eykur þjónustu að vera með hana nálægt íbúum.
- Hvers vegna ættum við að sleppa ríkinu við ábyrgð varðandi hagsmuni svæðis – sýslumaður vanfjármagnaður – ætlar ríkið að svelta embættið til dauða – eigum við að bjóðast til að taka við því?

## ***Sjálfstjórn***

- Sjálfstjórn ekki virt í mörgum ákvörðunum sem t.d. þingið tekur og hefur mikil áhrif á tekjur sveitarfélaga – dæmi þegar ríkið ákveður að heimagisting sé ekki leyfisskyld – viðmiðið um 90 dagana mjög óhagstætt sveitarfélögum út um land.
- Sjálfstjórn sveitarfélaga á Austurlandi hvernig á að þróa það hér á þessu svæði?

### *Stjórnsýsla*

- Allar nýjar lagasetningar og verkefni eru kröfur um aukna stjórnsýslu.
  - Sítja allir íbúar vítt og breytt um landið í ólíkum sveitarfélögum við sama borð hvað varðar það að fá þessa þjónustu?
- Efla stjórnsýslu – styrkir kjörna fulltrúa.

### *Hugtakið sjálfbærni*

- Geta öll sveitarfélög veitt þá þjónustu sem þeim eru falin - er sú geta hluti af skilgreiningu á sjálfbærni?
- Viljum að sjálfstjórnin sé sjálfbær – að hún geti tryggt heildarhagsmuni samfélaganna.

### *Samstarf sveitarfélaga*

- Fleiri byggðasamlög og samstarf eykur lýðræðishalla.

### *Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa*

- Erum á tímamótum – erum við í atvinnumennsku eða erum við í áhugamennsku.
- Sjá sér ekki fært að koma á fundi eru í vinnunni – kerfið gerir kröfur um að við séum alltaf til staðar.
- Á ekki að snúast um kjörna fulltrúa.
  - Útgangspunkturinn er íbúinn – ef þau gera ekkert fyrir hann er betra að leggja sveitarfélagið niður.
- Starfsaðstæður sveitarstjórnar – álag – samtölin í báðar áttir.
- Hvað á leggja til til að styrkja fulltrúann?
  - Fast stöðugildi
  - Danmörk – ríkið ákveður kjörin – eigum við að fara þá leið?
- Að geta greitt þóknun - og staðið undir því.
- Efla stjórnsýslu – efla pólitísku stéttina

### *Umræða og atriði sem komu fram varðandi sóknaráætlanir sveitarfélaga*

- Upphaflegar hugmyndir um sóknaráætlanir voru gott skref - en fór ekki alla leið – það eru ráðuneytin sem hafa of mikil áhrif á hvernig fjármunum verði varið.
- Mikil vinna við framkvæmdina (skýrslugjöf og gagnasöfnun) unnin af sveitarfélögunum en „himpigimpin“ í ráðuneytum fara yfir skýrsluna, samþykkja og ákveða niðurstöðuna.
- Framkvæmdin öll mjög skilyrt og ráðuneytin hafa í raun lokaorðið.
- Ekki valdeflandi – að í öðru orðinu eru þeim réttir peningar – en verða að bíða eftir og frá Reykjavík.
- Fjármagn verði fært kjörna fulltrúanum – til að úthluta - þau geta ákveðið framkvæmdina – þeim er treystandi.

Fundi slitið kl. 14:15.

## **2. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn á Blönduósi (bæjarskrifstofunni), þriðjudaginn 14. maí og hófst kl. 10:30.**

Mættir: Halldór Gunnar Ólafsson frá Skagaströnd. Ragnhildur Haraldsdóttir frá Húnavatnshreppi. Álfhildur Leifsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson frá Sveitarfélaginu Skagafirði. Valdimar O. Hermannsson frá Blönduósi. Þorleifur Karl Eggertsson (allir úr Stjórn SSNV) og Unnur Valborg Hilmarisdóttir frá SSNV.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson, formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin og Hermann Sæmundsson, Stefanía Traustadóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Eva Marín Hlynsdóttir frá starfshópi um stöðu og framtíð landshlutasamtaka.

*Valgarður Hilmarsson* formaður setti fundinn og gerði grein fyrir aðdraganda að skipan starfshópsins og verkefnum hans (sjá glærुकynningu). Hann fór m.a. yfir hvernig unnið verði að framkvæmd verkefnisins að lokinni umfjöllun og samráði um Grænbókina og úrvinnslu þess sem þar kemur fram, þ.e. gerð þingsályktunartillögu og samráð um hana.

*Hermann Sæmundsson* – gerði frekari grein fyrir hvernig fundurinn fer fram – lagði áherslu á að verkefni funda sem þessara væri að fá skýrari mynd af hverjar áskoranirnar væru og hvernig mætti vinna með þær. Að safna saman sjónarmiðum um allt land. Hann kynnti Grænbókina enn frekar og fór yfir helstu þætti í ritinu og varpaði fram nokkrum lykilsurningum.

*Stefanía Traustadóttir* kynnti stöðu í vinnu starfshóps um stöðu landshlutasamtaka.

*Karl Björnsson* hvatti fólk til að senda inn umsagnir um Grænbókin í samráðsgáttina og ræddi mikilvægi þess að setja fram stefnumótun í málefnum sveitarfélaga til lengri tíma.

### **Almenn umræða:**

#### ***Umræða um landshlutasamtök, byggðasamlög og önnur samstarfsform***

- Misjöfn staða og rekstrarform og starfsemi/verkefni milli landshluta.
- Mikilvægt að skerpa lagalega stöðu þeirra.
- Byggðasamlög – framsal á valdi frá sveitarfélagi. Aðkoma sveitarfélaga lítil sem engin – tengt hugtakinu sjálfbærni.
- Of mörg smá sveitarfélög sem fela öðrum aðilum (sveitarfélögum) að sjá um sín verkefni.
- Jöfnunarsjóður gerir það mögulegt – viðheldur kerfinu.
- Verður að skilgreina lagalega hvers konar samtök þetta eru.
- Stuðpúði á milli ríkis og sveitarfélaga.
- Ríkið getur hent í þau verkefni og sveitarfélögin líka (þó þægilegt).
- Á meðan að umræðan er í gangi og ákvarðanir að mótast – verður að halda að sér höndum bera við 3ja stjórnarsýslustiginu. Frekar að efla sveitarfélögin.
- Er 3ja stjórnarsýslustigið nauðsynlegt við óbreyttar aðstæður.
- Efla landshlutasamtök sem öfluga stjórnarsýslueiningu í héraði.
- Landshlutasamtök – eru þau að stjórna sveitarfélögum – ekki reynsla þeirra hér.
- Gríðarlega mikilvægt að fá úr því skorið – hvað landshlutasamtök eiga að gera – kallar á grá svæði.
- Erindi að berast til landshlutasamtaka sem fara alveg framhjá sveitarfélögum – það er þróunin.

#### ***Stefnumótun í málefnum sveitarfélaga mjög stórt verkefni***

- Umræða um eflingu og sameiningu sveitarfélaga staðið yfir í langan tíma með hléum.
- Stefna mjög mikilvæg – til lengri tíma.
- Umræða um eflingu og flutning verkefna - fyrir hverja?
- Ekki verið til opinber stefna um sveitarfélögin – ef borin saman við Norðurlöndin þá er það reglan.
- Stuttlega gerð grein fyrir þróun mála í Finnlandi.
- Óskað eftir stefnu.
- Mikilvægt að vera í takt – samhljómur í orði og mynd.
- Mikilvægt að hafa stefnu – og þá vita allir hvernig framtíðin verður – hvetja til frjálsra sameininga – má útæra það á margan hátt.

## *Sjálfbærni*

- Hvernig getum við gert öll sveitarfélög fær um að reka sig sjálf, sinna sínum lögbundnu verkefnum og öðrum.
- Hvenær er sveitarfélag það fjárhagslega burðugt að það geti þess vegna talist sjálfbært sveitarfélag?
- Er Norðurland vestra sjálfbært? Gæti orðið næst stærsta sveitarfélag landsbyggðarinnar.

## *Hvað er sveitarfélag*

- Hvaða þjónusta þarf að vera til staðar?
- Hvað er sveitarfélag - erum í pattstöðu – núverandi kerfi – ólík sveitarfélög.

## *Sameining sveitarfélaga*

- Þarf að stækka sveitarfélögin (fækka þeim)?
- Verðum að fækka og stækka sveitarfélög - öðruvísi komumst við ekki út úr þessu – mikil skekkja í kerfinu sem Jöfnunarsjóður viðheldur.
- Sameining sveitarfélaga ekki byggðavandi – þarf að fylgja aðgerðir.
  - Aðstoð við fámennari byggðir eins og t.d. í Noregi – ýmis konar byggðaaðgerðir.
  - Flutningar opinberra starfa í Danmörku.
- Er verið að búa til sterkari verkfæri - eru það hagsmunir byggðanna?
- Er talan 1.000 heilög?
- Komið að þeim tímavarki að horfa af alvöru á sameiningar - að ná athygli stjórnvalda er mjög erfitt. Alveg sannfærður um að ef sveitarfélögin hér væru sameinuð og stærri gengi það betur.
- Um leið og verkefni er fært aukast kröfur íbúa – hækka þjónustustigið.
  - Líka þegar lítið sameinast öðrum – þá gera íbúar þeirra kröfur.
- Allir sátir við að stofna byggðasáttmála – en ekki sameinast – rekum allt saman en erum ekki saman – hugsanaskekkja.
- Á að setja fram tillögu um lágmarksfjölda eru skilaboðin - að þetta komi að ofan.
- Að setja fram lágmarksíbúafjölda, en byrja með lága tölu en gefa aðlögunartíma (Eyrúnarskýrslan).
- Er þetta leið til að auka sjálfbærni – losar um byggðasamlög og ógagnsæi – getur það bætt kjör sveitarstjórnarmanna?
- Er þetta framtaksleysi og leti sveitarstjórnarmanna – viljum við bara bíða og sjá og látum þetta þróast eins og íbúar vilja.
- Stór samningur yfir allt landsvæðið - hefur bæði kosti og galla.
  - Það þarf að taka ákvörðun – hver á að taka hana og ákveða forsendur?
- Sammála – kostir og gallar við allt.
  - Það þarf að taka ákvörðun.
- Ekki hrifinn af lágmarksíbúatölu – horfa á svæði – stórt eða lítið – slagkraftur sem skiptir máli.
- Fín aðferðafræði að á x árum verði áfanga náð – góð leið – ekki margar leiðir í boði.
- Þarf að vera ástæða fyrir að sameina sveitarfélög – landfræðilega stórt svæði.
- Íbúafjöldi - það þarf að taka ákvörðun og setja tölu í lög og gera það sem stærst sem fyrst.
  - Að gera skilyrði að þú getur veitt lögbundna þjónustu - ekki rífa marga plástra.
- Ríkið skilgreinir sóknarsvæði – að öllu verði komið fyrir á einu svæði.

## **Verkefni sveitarfélaga**

- Gera stjórnsýsluna skilvirkari og fjölga verkefnum.
- Hvaða verkefni getum við flutt til sveitarfélaga – öldrunarþjónusta – framhaldsskóli – halli á nýja stóra verkefninu.
- Umræða um að skila verkefnum til baka – er það leið til að styrkja sveitarfélögin?
- Hvað borgum við með grunnskólanum – það má alveg skoða það.
  - Sveitarfélögin eru að borga með grunnskólunum.
- Að flytja fleiri verkefni hræðir – sporin hræða.
  - Kostnaður við skólahald sem hefur flust yfir á sveitarfélögin – ekki fylgst með því hjá ríkinu.
- Ef verkefni eru sveitarfélögum óhagkvæm – þá bara að skila þeim.
- Stærri sveitarfélög geta tekið yfir fleiri verkefni – mismunandi sveitarfélög.
- Veikt sveitarstjórnarstig veikir og hamlar þróun stærri sveitarfélaga – geta ekki tekið að sér ný og stærri verkefni.
- Stærri sveitarfélög almennt um allt land eykur möguleikann á að gera betur – þjónusta íbúa betur.
- Af hverju eru menn að horfa á flutning verkefna – möguleika á að samþætta þjónustu – margt nýttist betur – ef heimahjúkrun fer til sveitarfélaga mun örugglega fjölga tímum í þjónustu.
- Fleiri verkefni, þjónustan eykst – eða krafan eykst hjá íbúum.
- Minnt á rannsókn sem sýna að íbúar vilja þjónustu.

## **Lýðræði og sveitarfélög**

- Lýðræðishalli í landshlutasamtökum og í sveitarfélögum - kosningar á 4 ára fresti.
- Íbúakosning er ekkert sem kjörnir fulltrúar eiga að geta skýlt sér á bak við.
- Virkt lýðræði í daglegum samskiptum.
- Hvernig samræmist það lýðræðinu að boða lagasetningu um íbúafjölda?
- Raddir minni sveitarfélaga heyrast ekki á vegum Sambandsins – flokkspólítík.
- Fækkun íbúa – af hverju talan 1.000 – breytir það einhverju?
- Frekar að horfa á atvinnusóknarsvæði – horfa til þess frekar en íbúafjölda.
- Hallar á lýðræði í stórum sveitarfélögum – þeir fyrir austan eru að velta fyrir sér nýjum leiðum.

## **Staða kjörinna fulltrúa**

- Lítil og veikburða sveitarfélög eru skýring á mikilli endurnýjun.
  - Léleg kjör og það að kjörnir fulltrúar hafa ekki möguleika til að efla sitt nærumhverfi.
- Þú verður að tryggja það að einstaklingurinn geti sinnt verkefninu.

## **Sameining sveitarfélaga og byggðastefna**

- Byggðastefna á Íslandi er í molum – þarf sértækar aðgerðir til að hafa þar áhrif.
  - Staða byggðanna lykilatriði – hvað getum við gert til að gera baráttuna fyrir brauðinu sterkari?
  - Þurfum að spyrja eru öflug sveitarfélög vopn í þeirri baráttu?
  - Meiri heildarhagsmuni, meiri framtíðarsýn – þ.e. burðugri talsmenn – sterkara bakland – meiri hagsmunir.
- Horfa á stóru myndina, það vantar alvöru byggðastefnu – mikil framför á undanförunum árum.
- Byggðastefna mikilvæg.



### **3. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn í Landnámssetrinu í Borgarnesi, miðvikudaginn 15. maí og hófst kl. 10:00.**

*Mættir:* Eggert Kjartansson, Einar Brandsson, Vífill Karlsson og Ólafur Sveinsson frá SSV. Ragna Ívarsdóttir, Linda Björk Pálsdóttir og Björgvin Helgason frá Hvalfjarðarsveit. Svandís Jóna Sigurðardóttir, Björn Haraldur Hilmarsson og Kristinn Jónasson frá Snæfellsbæ. Björg Ágústsdóttir og Jósef Kjartansson frá Grundarfjarðarbæ. Guðveig Eyglóardóttir, Magnús Snorri Snorrason og Gunnlaugur A. Júlíusson frá Borgarbyggð. Sævar Freyr Þráinsson, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir og Raket Óskarsdóttir frá Akraneskaupstað. Jakob Björgvin Jakobsson og Lárus Ástmar Hannesson frá Stykkishólmi. Kristján Sturluson frá Dalabyggð. Árni Hjörleifsson frá Skorradalshreppi. Sif Matthíasdóttir frá Helgafellssveit.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson, formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin, Stefanía Traustadóttir og Tinna Dahl Christiansen frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

*Valgarður Hilmarsson* formaður setti fundinn og gerði grein fyrir aðdraganda að skipan starfshópsins og verkefnum hans (sjá glærुकynningu). Hann fór m.a. yfir hvernig unnið verði að framkvæmd verkefnisins að lokinni umfjöllun og samráði um Grænbókina og úrvinnslu þess sem þar kemur fram, þ.e. gerð þingsályktunartillögu og samráð um hana.

*Stefanía Traustadóttir* sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu gerði frekari grein fyrir hvernig fundurinn myndi fara fram, lagði áherslu á að verkefni funda sem þessara væri að fá skýrari mynd af hverjar áskoranirnar væru og hvernig mætti vinna með þær. Að safna saman sjónarmiðum um allt land. Hún kynnti Grænbókina enn frekar og fór yfir helstu þætti í ritinu.

#### **Umræða:**

##### ***Hvernig eflum við sveitarstjórnarstigið?***

- Stærri og sterkari einingar.
- Danir að efla atvinnuþróun og atvinnusköpun, upplifir okkur sem algjöra byrjendur í þessu samhengi og megi efla miklu meira.
- Nýting á rafrænni tækni - fagnar því - hversu vanmáttug við erum að þjónusta íbúum í nýtingu rafrænnar stjórnsýslu. Gríðarlegt sóknarfæri þarna.
- Atvinnuþróun og uppbygging - aðalumræðuefnið á Austurlandi - tengja umræðuna nýsköpun við byggðaðróun.
- Áskoranir DK skortur á fagþekkingu og hæfni, helsti ávinningur með sameiningu væri sá að þar væru þau að fá inn meiri þekkingu og hæfari einstaklinga, augljós ávinningur sem þau fundu strax fyrir.
- Styrkja stjórnsýsluna, 13 sveitarfélög í Borgarbyggð, öflugri heldur en þegar hún var framkvæmd á 13 stöðum.
- Af hverju hefur nýsköpunarmiðstöð aldrei verið sýnileg á Vesturlandi?

##### ***Hvað þarf sveitarfélag að vera stórt til að geta sinnt verkefnum sínum?***

- Lagasetning um lágmarksfjölda.
- Eðlilegra og hreinn að það sé ákveðin tala, 1.000 sé of lág tala, hreinni leið að búa til hvata á sameiningu (Jöfnunarsjóður).
- Á að setja fallega tölu t.d. 3 þúsund manns.
- Hagkvæmnin ekki fundin með hausatölu, snýst um hagkvæmni sveitarfélaga.
- Þarf líka að taka inn landfræðileg mörk - þetta snýst á endanum um íbúana sjálfa og þjónustuna til þeirra.
- Getum velt okkur endalaust upp úr því hvað sveitarfélög eiga að vera mannmörg og mismunandi tekjumöguleikar - ef nota á þessa hausatölu - aðalatriðið að menn nái góðu samstarfi og vinni vel með nágrönnum sínum.

## ***Gæta vel að lýðræðislegum atriðum sem eru mikilvæg einkenni sveitarstjórnarstigsins***

- Erum föst í gömlum aðferðum, sameining stofnana lögreglan, sýslumenn o.fl. Hefur veikt sveitarfélög. Búið að taka af sveitarfélögunum að geta þjónustað sína íbúa í heimabyggð (Þjóðskrá). Þurfum að hugsa nýjar aðferðir því við erum komin með nýtt fyrirkomulag.
- Kosningar í heimabyggð - geti ekki treyst þeim til kjósa utan kjörfundar í sinni heimabyggð.

## ***Verkefni og tekjustofnar***

- Verkefni sveitarfélaga - oft upptekin af lögbundnum verkefnum þeirra - hversu tímafrek verkefni eru sem eru ekki lögbundin eins og atvinnumál, umhverfismál sem taka 60-80% af tíma þeirra.
- Sveitarstjórnarlögin 2011 stórt skref - fjármálakafli styrkt sveitarfélögin sérstaklega.
- Vill sjá að skuldahlutfallið lækki niður í 110-120%, þá fyrst getur sveitarfélag farið að sinna þörfum íbúanna, ef skuldastaða er of há er svo erfitt að vera í sveitarfélaginu, kallar eftir að farið verði í að skoða þetta aftur með þessa lækkun í huga.
- Fámenn sveitarfélög sem hafa engum skyldum að gegna - vill að sett verði í lög að þau hafi a.m.k. skóla, sveitarstjórnarskrifstofu o.s.frv. en ekki bara kennitala.
- Framkvæmd sveitarfélags - viljum ekki hafa þetta eins og hjá Reykjavíkurborg þar sem eru 4 millistjórnendur, beiðni þarf að fara á marga staði og langa leið og seinka ákvörðun sem tekur kannski 1 dag yfir í marga daga.
- Þurfum að passa flækjustigið - skera niður fitu.
- Hvernig viljum við líta á okkur sem afl í samfélaginu, þurfum að ræða verkefni í samhengi við landshlutasamtökin, Danir mjög „proactive“, þar er sveitarfélögum að fækka. Mikið spád í fjármuni og hvernig þeim er ráðstafað.
- Hvert er markmiðið með sveitarfélagi - passa það.
- Atvinnumál - hvernig vinnum við með fyrirtækjum.

## ***Samskipti ríkis- og sveitarfélaga***

- Sveitarfélög eiga að taka hlutverk sitt sem leiðandi afl alvarlega í stað þess að fá boð að ofan - sveitarfélög geta verið kraftmeiri í því.
- Hvað er sveitarfélag? Umræðan um fækkun sveitarfélaga litast af því að hún er svo persónuleg, ríkisstjórnin þorir ekki að taka þessa ákvörðun eins og norðurlöndin hafa gert.

## ***Samband íslenskra sveitarfélaga***

- Persónuverndarlöggjöfin - af hverju leiddi Sambandið ekki þá vinnu í stað fyrir að hver og einn geri það í sínu horni?
- Tilfinning að Sambandið sé ekki nógu sterkt, er ríkið að finna fyrir pressu frá Sambandinu?
- Hvenær var farið í stefnumótunarvinnu hjá Sambandinu, eru endalausar umsagnir um allt og ekkert. Er það hollt fyrir okkur?

## ***Hugtakið sjálfbærni***

- Sjálfbærni mjög mikilvæg - sameining og stækkun sveitarfélaga þarf að horfa út frá því frekar en hagræðingu, það að stækka ýtir undir að sveitarfélög séu sjálfbær, vinnur með lýðræði og mannréttindum.
- Frelsi og sjálfsákvörðunarréttur, sjálfbærni að íbúarnir hafi sjálfir þetta vald en ekki sveitarfélagið sem trompar yfir.
- Sveitarstjórnarmenn eru í þessu fyrir íbúana, reynum að hafa þetta einfalt og hafa sjálfstæði sveitarfélaganna þannig að þetta virki.
- Fjármál - tekur undir með skuldaviðmiðin að hugsa það með sjálfbærni, hversu sjálfbær eru þau þegar þau geti ekki lækkað skuldir án þess að það verði gríðarlega sársaukafullt.
- Varðandi sjálfbærni ánægð með að það sé lyklatriði í þessu. Vonar að ekki verði of mikil tilfinningasemi út af skurðum og línnum.

### ***Samstarf sveitarfélaga***

- Mörk - erum alltaf að reyna að búa til "við" en stundum er það að há okkur, sveitarfélög eiga oft samleið með öðrum sveitarfélögum.

### ***Starfsaðstaða kjörinna fulltrúa***

- Vinnuaðstaða kjörinna fulltrúa, sami fjöldi í sveitarfélögum er ekki það sama, sumir keyra lengur á fundi, laun o.s.frv.
- Brottfall sveitarstjórnarmanna - ríkisvaldið sem tekur ákvörðun um kjör sveitarstjórnarmanna - þetta tekið frá sveitarfélögunum.
- Sláandi þegar verið er að ræða launakjör, alltaf lækkað laun þegar ný stjórn kemur inn og tekur við, þetta gengur ekki upp þarf að binda þetta með mjög föstum hætti til að fólk haldist við þessi störf.
- Tekur eitt kjörtímabil fyrir sveitarstjórnarmenn til að komast inn í hvernig þetta gengur fyrir sig - þarf að huga að þessu brottfalli - þetta er svo slæmt fyrir sveitarfélögin að missa út þennan mannauð.
- Hækkun launa yrði tengt við þingfararkaup - kulnun á sér stað meðal sveitarstjórnarmanna - ráða ekki við að vera í þessu af hugsjón.
- Brottfall - tekur undir það að reyna að halda í reynsluna sem er þar.
- Þarf að laga vinnuaðstæður hjá sveitarstjórnarmönnum, þarf að koma boð að ofan varðandi launakjör.
- Lengd kjörtímabila - hafa þetta kannski 5-6 ár? Í takt við fjármálaáætlun? - margir veigra sig við að taka annað kjörtímabil og vera þá komin upp í 8 ár.
- Ekki sammála um að þetta sé of stuttur tími, vandamálið er að þau hafi ekki tíma, geta ekki undirbúið sig undir það. Flest í annarri vinnu sem þarf að sinna. Þörf á að finna jafnvægi fyrir kjörna fulltrúa svo þau hafi tíma.

### ***Umræða og atriði sem komu fram varðandi landshlutasamtök sveitarfélaga***

- Landshlutasamtökin farin að vera stórar ruslakistur fyrir verkefni sem enginn nennir að hafa - er algjörlega á skjön við lýðræðið sem verið er að tala um.
- Landshlutasamtök - lengi búið að vera í þessu formi - málefni aldraðra ráðist af tilviljunum hvort starfsemin er fjármöggnuð af sveitarfélögum eða ríkinu - svona bara er þetta.
- Finnst vanta umræðu um landshlutasamtökin í grænbókina. Sem og hlutverk Sambandsins og hvað við getum lært af norrænum ríkjum.
- Ruslakista fyrir ríkið? Kannski þarf að velja betur inn verkefnin sem þau vilja taka að sér.

#### **4. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn á Suðurnesjum í húsnæði SSS, miðvikudaginn 15. maí og hófst kl. 15:00.**

*Mættir:* Berglind Kristinsdóttir frá SSS, Fannar Jónasson og Hjálmar Hallgrímsson frá Grindavíkurbæ. Guðbrandur Einarsson, Guðlaugur H. Sigurðsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Anna Sigríður Jóhannesdóttir frá Reykjanesbæ. Ásgeir Ólafsson og Bergur Álfþórsson frá Sveitarfélaginu Vogar og Einar H. Pálsson frá Suðurnesjabæ.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson, formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin, Stefanía Traustadóttir og Hermann Sæmundsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Ásgerður H. Gylfadóttir formaður starfshóps um stöðu og framtíð landshlutasamtakanna og Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Valgarður Hilmarsson formaður setti fundinn og gerði grein fyrir aðdraganda að skipan starfshópsins og verkefnum hans (sjá glærुकynningu). Hann fór m.a. yfir hvernig unnið verði að framkvæmd verkefnisins að lokinni umfjöllun og samráði um Grænbókina og úrvinnslu þess sem þar kemur fram, þ.e. gerð þingsályktunartillögu og samráð um hana.

*Hermann Sæmundsson* skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu gerði frekari grein fyrir hvernig fundurinn myndi fara fram, lagði áherslu á að verkefni funda sem þessara væri að fá skýrari mynd af hverjar áskoranirnar væru og hvernig mætti vinna með þær. Að safna saman sjónarmiðum um allt land. Hann kynnti Grænbókina enn frekar og fór yfir helstu þætti í ritinu.

## **Umræða:**

### ***Verkefni sveitarfélaga - þjónusta***

- Að veita þjónustu til sem flestra íbúa er hlutverk sveitarstjórna.
- Meiri nánd veldur því að íbúar krefjast meiri og meiri þjónustu (sbr. grunnskóli og málefni fatlaðra).
- Auknar kröfur um þjónustu sem er ekki skilgreind sem lögbundin þjónusta (t.d. íþróttir, menning).
- Óhrædd við að taka við fleiri verkefnum - en það þarf að fylgja fjármagn.
  - ✓ Ekki alltaf sem því er fylgt eftir, dæmi - þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd.
- Sveitarfélag breytist - íbúasamsetning breytist, þjónusta og verkefni endurnýjast.
  - ✓ 60 tungumál – hvernig bregst sveitarfélag við og hverjar eru skyldurnar – hvað með fjármagn?
- Fela með lögum sveitarfélögum verkefni sem eru án vafa í hugum íbúa verkefni þeirra (íþróttir, menning o.fl.) ekki endilega einhver ný verkefni.
- Ekkert spennt fyrir að taka við nýjum verkefnum – reynslan sýnir að það vantar að fjármagn fylgi með. Ef ný verkefni verður það að vera kýrskýrt hvernig það verður fjármagnað.
  - ✓ Umræða um flutning grunnskólans, sveitarfélögum gert að taka að sér kennaralaunin, aukinn kostnaður fylgir skóla án aðgreiningar - ekki vilji til að fara til baka með það.
  - ✓ Fjölgun stöðugilda, meiri kostnaður - er ekki endilega á forræði sveitarfélaga, það koma niðurstöður um t.d. greiningar og þá verður skv. lögum að veita þjónustu, fjölga stöðum.
  - ✓ Fjölgun fatlaðra. Fjölgun einstaklinga sem tvöfaldaðist.
  - ✓ Nálægðin kallar á meiri eftirspurn eftir þjónustu.

### ***Skilgreina betur hlutverk sveitarfélaga – með lögum***

- Geta sveitarfélög verið ólík hvað varðar þjónustu? A g B sveitarfélög.
- Allir íbúar eiga rétt á sömu þjónustu.
  - ✓ Hvernig tryggjum við það?
  - ✓ Með Jöfnunarsjóði sem í dag viðheldur kerfinu eins og það er
  - ✓ Eiga sveitarstjórnir að geta ákveðið það sjálfar?
- Vantar skýrari reglur fyrir sveitarfélög varðandi mjög mörg verkefni sérstaklega hvað varðar ólögbundin verkefni - íbúar bera sig saman við íbúa annarra sveitarfélaga.

### ***Lýðræði og mannréttindi***

- Lækka kosningaaldur – umræða.
- Hækkun hlutfalls íbúa sem eru af erlendu bergi brotin – lýðræðishalli - persónukjör - opnar leið jaðarsetts fólks.
- Á móti því að neyða sveitarfélög til sameiningar.

### ***Fjármál sveitarfélaga***

- Skuldaviðmiðið - komin niður fyrir það með breytingum – þarf að breyta því og þá hvernig?
- Mikilvægt að fjárfesta í sveitarfélögum á vaxtasvæðum.

### ***Sjálfsákvörðunarrétturinn***

- Skuldaviðmiðið er það besta sem gert hefur verið. Þá var ekkert verið að velta fyrir sér sjálfsákvörðunarréttinum.
- Á að skylda með lögum frekari verkefni.
  - ✓ Á að skylda með lögum sveitarfélög að byggja ákveðinn fjölda félagslegra íbúða (miðað við íbúafjölda)?
- Álftanes og Reykjanesbær – sjálfstjórnarrétturinn í fjármálum virtur þangað til að fjármálin fóru í hnút.
  - ✓ Hvað með öflugra eftirlit ráðuneytis?
- Öflugt samráð – sambandið þarf að vera með styrk til að grípa í bremsuna. Ekki of mikil sjálfstjórn í að lækka gjöld ekki sanngjarnt (lágmark á sköttum) verður að verða til staðar.
- Skiptir máli að fara vel með sjálfsákvörðunarréttinn.
  - ✓ Á ekki að líðast að fara óvarlega með almanna fé – grípa inn í – lagaskylda.

### ***Samskipti ríkis og sveitarfélaga***

- Erfitt að fá fjármagn frá ríkinu inn á svæðið.
- Reynt staðbundið samráð sem ekki virðist duga.
- Sterkari tekjustofna - ólík afstaða t.d. í félagsþjónustu - ólík tilboð.
- Á að setja meira í lög.

### ***Sjálfbærni - lágmarksíbúafjöldi***

- Umræða um lágmarksíbúafjölda og sjálfbærni.
- Fámennasta sveitarfélagið á svæðinu er 1.300 en fær þriðjung tekna frá Jöfnunarsjóði.
  - ✓ Getur sveitarfélag með undir 1.000 íbúum verið sjálfbært?
- 3.500 fín eining - hvað geta 1.000 manna sveitarfélag gert?
- Ekki talan sem gildir – heldur hvernig er sveitarfélagið samansett.
  - ✓ Hvernig er tekjusatning og atvinnulíf?
- Spurning um lágmarksíbúafjölda - hvernig tekst til að fækka - hversu stutt er í að lögum verði beitt til að þvinga fram sameiningar?
  - ✓ Að það verði gengið þannig til verks að halda sig við þetta – 1.000 íbúa.
- Hafa umþóttunartíma - fyrsta skrefið frjálsar sameiningar, síðan lög - þvingað.
- Lágmarksstærð ætti að vera 20 þúsund ef allt á að ganga upp.
- Sterkari einingar - 25 - 30 sveitarfélög - meiri kraftur - meiri slagkraftur t.d. í samskiptum við ríkið.
- Að fækka sveitarfélögum - það þarf lagalega styrkingu.
- Meðan fjárhagur sveitarfélaga er svona mismundi t.d. hér á svæðinu - kemur það í veg fyrir sameiningar - íbúar vilja ekki taka að sér skuldir annarra.
- Samkeppni um íbúa getur haft góð áhrif.
- Lagasetning - Ekki spurning - taka í 2 stökkum.
- Fjármagn þarf að fylgja.
- 1.000 ekki nógu góð tala - of lágt - hvað er hagkvæmt og skynsamlegt - er hún jafn óhjákvæmileg?
- Fáránlega lítið sveitarfélag sem er bara 1.000 - framtíðin er mun stærra - hagræði í stórum einingum.

### ***Um landshlutasamtökin og samstarf sveitarfélaga***

- Ríkið vill fækka viðmælendum - beinir spurningum að landshlutasamtökum.
- Stefnumörkun - unnið greiningu um framtíð Suðurnesja.
- Verkefni og hlutverk SSS er eingöngu hagsmunagæsla - ekki þjónusta.
- Unnið að lýðræðisumbreytingum – allir.

- ✓ Hvernig skuli skipað í stjórn – eingöngu kjörnir fulltrúar eða ekki?
- Að það sé lagarammi um samstarfið - hvað svo sem það heitir.
- Tímaspurasmál hvenær þetta svæði sameinast í eitt sveitarfélag og þá þarf ekki SSS.
- Haft ýmsar skoðanir á hlutverki landshlutasamtaka.
- Tilvist þeirra komið í veg fyrir sameiningar.
- Samvinna getur leitt til sameiningar.
- Sbr. sameining Sandgerðis og Voga - grundvallaðist á góðri samvinnu.

### ***Staða kjörinna fulltrúa***

- Miðlægar ákvarðanir um kjör.
- Er orðið samansafn af einstaklingum sem geta komist frá. Vantar flórana (konur).
- Þú þarft að geta ráðið þínum vinnutíma ef þú ætlar að vera kjörinn fulltrúi.
- Vinnutími.
- Rafrænar lausnir.
- Fjölskylduábyrgð.
  - Umræða um fundartíma og getu kjörinna fulltrúa til að sækja fundi.
- Ríkið ætlast til að kjörnir fulltrúar vinni verkefni án þess að greiða fyrir því (nefndir og ráð).
- Skandinavískur samanburður - fyrirkomulagið einn kjörinn á launum og svo framkvæmdastjóri á launum.

### ***Að lokum***

- Skipta Suðurkjördæminu - ekki sömu hagsmuni og bændasamfélagið á Suðurlandi - breyta kjördæmaskipan.

## **5. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn á Austurvegi 58 húsakynnum SASS, fimmtudaginn 16. maí og hófst kl. 15:00.<sup>1</sup>**

*Hverjir mættu:* Kristófer Tómasson og Björgvin Skafti Björnsson frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Árni Eiríksson, Hrafnkell Guðnason og Lóa Matthíasardóttir frá Flóahreppi. Halldóra Hjörleifsdóttir og Jón S. Valgeirsson frá Hrunamannahreppi. Valtýr Valtýsson og Ásta B. Ólafsdóttir frá Ásahreppi. Smári B. Kolbeinsson, Bjarni Þorkelsson, Björn Kristinn Pálmason og Ása Valdís Árnadóttir frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Lilja Einarsdóttir frá Rangárþingi eystra. Ari B. Thorarensen, Anna Ýr Gunnarsdóttir og Gísli H. Halldórsson frá Sveitarfélaginu Árborg. Grétar Ingi Erlendsson frá Sveitarfélaginu Ölfus. Helgi Kjartansson og Ásta Stefánsdóttir (einnig fulltrúi í starfshóp um stöðu landshlutasamtaka) frá Bláskógabyggð. Eva Björg Harðardóttir, formaður SASS (frá Skaftárhreppi) og Bjarni Guðmundsson frá SASS.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin, Hermann Sæmundsson og Stefanía Traustadóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Ásgerður Gylfadóttir (Sveitarfélagið Hornafjörður) formaður starfshóps um stöðu og framtíð landshlutasamtaka, Aldís Hafsteinsdóttir formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga frá Hveragerði og Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fulltrúar í starfshópi um mótun framtíðarstefnu í málefnum sveitarfélaga.

*Valgarður Hilmarsson* formaður setti fundinn og gerði grein fyrir aðdraganda að skipan starfshópsins og verkefnum hans (sjá glærुकynningu). Hann fór m.a. yfir hvernig unnið verði að framkvæmd verkefnisins að lokinni umfjöllun og samráði um Grænbókina og úrvinnslu þess sem þar kemur fram, þ.e. gerð þingsályktunartillögu og samráð um hana.

---

<sup>1</sup> Fundurinn var tekinn upp og er aðgengilegur á síðum SASS

*Hermann Sæmundsson* gerði frekari grein fyrir hvernig fundurinn fer fram, lagði áherslu á að verkefni samráðsfunda sem þessara væri að fá skýrari mynd af hverjar áskoranirnar væru og hvernig mætti vinna með þær, að safna saman sjónarmiðum um allt land. Hann kynnti Grænbókina enn frekar og fór yfir helstu þætti í ritinu og hvatti til að sem flestir kynntu sér efni hennar og sendu inn umsagnir.

*Ásgerður Gylfadóttir* fjallaði stuttlega um störf starfshóps um stöðu og framtíð landshlutasamtakanna og hvað væri þar framundan.

## **Umræður:**

### ***Að taka afstöðu***

- Mikilvægt að taka til máls og hafa skoðanir og koma með tillögur – það er verið að fjalla um framtíð sveitarfélagastigsins og það verður að taka afstöðu.

### ***Hugtakið sjálfbærni og hvað er þar undirliggjandi***

- Mikilvægt hugtak en vantar betri skilgreiningu.
- Hugtakið er fljótandi og í vinnunni framundan þarf að skilgreina það betur.
- Hugtakið sjálfbærni loðið.

### ***Hver eru verkefni sveitarfélaga***

- Hvernig ríkið skilgreinir verkefni sveitarfélaga, hvernig og hver eigi að fjármagna þau?
- Hvaða þjónustu teljum við (sveitarstjórnarfulltrúar) að íbúar eigi að fá í sínu nærumhverfi.

### ***Samstarf sveitarfélaga***

- Erum að beita ýmsum aðferðum til að veita þjónustu til að vinna á móti óhagkvæmni sem felst í smæðinni.
- Rætt um byggðasamlög og mismunandi útfærslur á samstarfi – jákvæð reynsla.
- Múrveggir milli sveitarfélaga eru ekki góðir. Samstarf leysir það – vildi sjá þá hverfa.
- Mikið um byggðasamlög á Suðurlandi.
- Þjónustusvæði – kom í veg fyrir sameiningarnar (eins og skólinn).

### ***Íbúafjöldi og viðmið***

- Tengist umræðu um sjálfbærni og þjónustustig.
- Þarf ekki að ræða og skoða annan mælikvarða en t.d. fjöldi íbúa.
- Er 1.000 einhver sjálfbærnitala?
- Af hverju þessi tala – hún hefur ekkert að gera með sjálfbærni.
- Hækka íbúalágmarkið verulega.
- Mikilvægt að hafa lágmark – var reynt að sameinast.
- Hvernig getum við styrkt okkur – frekar að fara í samtölin þegar við um sterkari (fjárhagsstaða góð).
- Fá meiri slagkraft – sterkari saman.
- Erú sveitarstjórnarmenn að bíða eftir að það verða settar reglur – fá leiðarljós – fá reglur.
- Stjórnsýslan þarf að vera nálægt – ekki taka út tölur.
- Alþingi á að sjá um hvað sveitarfélög eiga að vera stór .
- Ekki rétt að leggja það á sveitarfélög eða íbúa. Þarf að vera ákvörðun Alþingis. Grátlegt hvað ekkert hefur gerst.
- Setja upp sviðsmyndir.
- Af hverju eiga ekki íbúar að ákveða þetta - ekki bæði sleppt og haldið.

### ***Að starfa í sveitarstjórn***

- Þátttaka oft erfið og takmörkuð í litlum sveitarfélögum.
- Kjörnir fulltrúar eru uppteknir við vinnu og komast ekki – of langt að fara – kemst ekki á fundina.
- Kjörin, vonbrigði með hvað það gengur hægt að fá lausn í hvernig eigi að leysa þessi mál.
- Ótækt að kjörnir fulltrúar þurfi að ákveða launin sín sjálf.
- Konur–samviskubít. Skýrir „brottfallið“. Vilja ekki láta frá sér starfið sitt, vilja halda því.
- Lykilatrið að finna miðlægar lausnir.

### ***Fjármál sveitarfélaga og tekjustofnar***

- Fjárhagslegt sjálfstæði íslenskra sveitarfélaga mjög mikið – þeirra tekjustofnar eru miklir (87%).
- Hlutverk Jöfnunarsjóðs að tengja sig við óhagkvæmnina í skipan sveitarstjórnarstigins (fjöldi fámennra sveitarfélaga).
- Of fáir tekjustofnar – þarf að efla þá frekar en að horfa á að sameina nokkur undir 500 íbúa sveitarfélög.

### ***Aukið hlutverk í byggða- og svæðasamstarfi***

- Nýtt sjónarhorn, þess vegna er áhersla ríkisstjórnarinnar að efla sóknaráætlanaverkefnið.

### ***Landshlutasamtökin***

- Hvað með 3ja stjórnarsýslustigið – ekki vilji til að sjá það þróast, erum við samt að færast þangað?
- Tvær leiðir – ef ekkert gert þá verður til 3ja stjórnarsýslustigið er þegar að þróast í þá átt (dæmi að fara til fjárlaganefnda) nýja fjármálakerfið beinir sveitarfélögum. til ráðuneyta – mikil bið lítið samtal.

### ***Samstarf við ríkisvaldið***

- Stærri sveitarfélög auka líkur á beinum samskiptum við ríkið.

### ***Lýðræðismál og réttindi íbúa***

- Athyglisverð tilraun sem er verið að gera í sameiningartillögum fyrir austan – heimastjórnir – ákveðið sjálfsdæmi - í byggðalögnum.

### ***Hvatar til sameiningar***

- Útvega almennileg töl til að styrkja sveitarfélög (hvatar) án þess að það væri skilgreint frekar.
- Gulrætur frá ríkinu – verður að vera svo að sveitarfélögin komi sterkari út fjárhagslega sameinuð (hlutverk Jöfnunarsjóðs).
- Þurfa að vera fjárhagslegra hvatar – ef hægt er að reikna út að framlög Jöfnunarsjóðs lækka – þá er engin von um að sveitarfélag fari í sameiningu.

Fundi slitið kl. 17.00

## **6. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn í Þróunarsetri Vestfjarða, föstudaginn 17. maí og hófst kl. 13:10.**

*Hverjir mættu:* Sigurður J. Hreinsson, Sif Huld Albertsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Arna Lára Jónsdóttir og Guðmundur Gunnarsson frá Ísafjarðarbæ. Kristján J. Guðmundsson, Jón Páll Hreinsson og Magnús Ingi Jónsson frá Bolungavík. Bragi Þór Þóroddsson frá Súðavíkurbreppi. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, Aðalsteinn Óskarsson, María Maack og Skúli Gautason frá Vestfjarðarstofu. Bryndís



Sigurðardóttir og Bjarnveig Guðbrandsdóttir frá Tálknafirði. Rebekka Hilmarisdóttir, Þórkatla S. Ólafsdóttir, María Ósk Óskarsdóttir og Iða Marsibil Jónsdóttir frá Vesturbyggð. Eva Sveinbjörnsdóttir frá Árneshreppi. Þorgeir Pálsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Jón Gísli Jónsson, Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir frá Strandabyggð. Finnur Ólafsson frá Kaldrananeshreppi og Pétur Matthíasson frá Strandabyggð. Ath. hluti fundarmanna sótti fundinn í gegnum fjarfundabúnað.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin, Hermann Sæmundsson og Stefanía Traustadóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

*Valgarður Hilmarsson* formaður setti fundinn og gerði grein fyrir aðdraganda að skipan starfshópsins og verkefnum hans (sjá glærukynningu). Hann fór m.a. yfir hvernig unnið verði að framkvæmd verkefnisins að lokinni umfjöllun og samráði um Grænbókina og úrvinnslu þess sem þar kemur fram, þ.e. gerð þingsályktunartillögu og samráð um hana.

*Hermann Sæmundsson* skrifstofustjóri gerði frekari grein fyrir hvernig fundurinn fer fram, lagði áherslu á að verkefni samráðsfunda sem þessara væri að fá skýrari mynd af hverjar áskoranirnar væru og hvernig mætti vinna með þær, að safna saman sjónarmiðum um allt land. Hann kynnti Grænbókina enn frekar og fór yfir helstu þætti í ritinu og hvatti til að sem flestir kynntu sér efni hennar og sendu inn umsagnir.

## **Umræður:**

### ***Umræða um stefnumótunina og verkefnið***

- Mikilvægt að það sé skýrt hvar við erum stödd í ferlinu, að það verða fleiri innkomur hvað varðar umsagnir, samráðshlutinn vel undirbúinn.
- Áhugavert viðfangsefni, áleitnar spurningar sem staldrað er við – stundum eru þær almennar og allir eru sammála um.
- Minnt á skipan þessa vinnuhóps hvað varðar hlut landsbyggðarinnar.
- Ef á að keyra í gegn sameiningu þarf að skoða stöðuna vel, gott að byrja með stefnumótun áður en að farið er af stað.
- Ekki tími til að ræða þar sem allir eru svo uppteknir.
- Talað um traust – að í öllu þessu samtali – ekki mikið traust,
  - Á að virkja fólk í sumarfrí?

### ***Sameining sveitarfélaga***

- Áhyggjuefni að eigi að sameina sveitarfélög með lögum
- Kominn tími á að taka þessa umræðu mjög alvarlega upp.
  - Minnt á frumvarp Kristjáns Möllers.
- Einsleit sýn í skýrslunni og líka í eldri skýrslum, að lausnir séu sameiningar.
- Sumt ítarlegt – skautað létt yfir skuldastöðuna – hverir skulda? Lítil eða stór sveitarfélög?
- Verðum við að búa til ólík módel fyrir ólík svæði?
  - Á að búa til 2 tegundir af sveitarfélögum (A og B sveitarfélög)?
- Reynsla af sameiningu sveitarfélaga á Vestfjörðum góð.
  - Fjölkjarnasveitarfélög verður regla stærri og sameinaðra sveitarfélaga.
- Ef að það á að ræða sameiningu sveitarfélaga þurfa þau á Reykjanesi og á höfuðborgarsvæðinu að sameinast.
- A og B leiðin – að þetta ástand sé í raun staðreynd – íslensk sveitarfélög eru mjög ólík og sinna misjöfnum verkefnum, bæði lögbundnum og ólögbundnum. Á að formgera þetta ástand?
- Sameiningar og samskipti við ríkið.
  - Loforð um jarðgöng svikin - beðið í 30 ár.
- Traust – spörin hræða – ótti – skortur á skilningi – skortur á stefnu – skortur á grunnvinnu – hér er verið að nálgast stefnu.
- Sameinast á eigin forsendum, ekki skipanir að ofan.

- Samtal á þessum grunni hefur ekki átt sér stað hér á svæðinu - ef og þegar við ætlum að eiga samtal verðum við að vera með spurningar - okkar á milli og við íbúa – við höfum sameinast – tekið að okkur verkefni – reynslan segir okkur að við viðhöldum eignum betur en ríkið.
- Stærri sveitarfélögum og sameiningu fylgja auknar kröfur um þjónustu.
  - Fleiri verkefni en fjármagn fylgir ekki með – við gerðum tilraun til að ganga úr málefnum fatlaðra.
  - Samstarf aldrei einfalt.
- Skylda okkar að finna leiðir til að veita sem bestu þjónustu – ef sameining gerir það þá er það leiðin.
- Íbúarnir í fyrsta sæti – hvað fá þeir – getur verið að þeir fái meiri þjónustu í stórum eða stærri sveitarfélögum. Verður að vera mat og matsferlar - hvað er þeim til góða.
- Tveir meginþættir sem ráða, íbúafjöldi og landssvæði (vinnusóknarsvæði/þjónustusvæði).
- Á móti þvingaðri sameiningu en við viljum ræða málið.
- Engin stemning fyrir þvingaða sameiningu.

### ***Stærð sveitafélaga (íbúafjöldi) og sjálfbærni***

- Stærri sveitarfélög eru ekki endilega sjálfbær – þarf að tengja sjálfbærni við íbúafjölda? Eru ekki aðrar leiðir?
- Hvernig á að meta sjálfbærni?
- Félagsleg sjálfbærni – hvernig á að meta það?
- Lágmarksíbúafjöldi – setja í lög.
  - Hvers vegna 1.000? Verða til fráviksreglur?
- Umræða um ýmsar útfærslur á lög þvingaðri sameiningu.
- Skilgreina mælikvarða: hvað eru sveitarfélög – skilgreind þegar þau eru í góðum gangi.
  - Hjá NordRegio – hvað er það sem bindur einstaklinga við sveitarfélög – hvenær flytur fólk til og frá, gæti verið áhugavert að skoða.
- Á móti – en aðrir ekki tilbúin að svara – þarf að gerast í sátt – við íbúa og kjörna fulltrúa.

### ***Samstarf sveitarfélaga***

- Frekar að hvetja til frekara samstarf - alls ekki að stoppa byggðasamlögin.

### ***Sérstaða Vestfjarða***

- Vandinn er ólík sveitarfélög bæði að gerð og fjölda íbúa – er bæði veikleiki og styrkleiki – erfitt að búa til eitt módel fyrir okkur öll.
- Hærrí úthlutanir úr Jöfnunarsjóði en í öðrum landshlutum.

### ***Varðveita sjálfsákvörðunarréttinn***

- Hversu veigamikill eða veigalítill á hann að vera?

### ***Tekjustofnar og Jöfnunarsjóður***

- Jöfnunarsjóður – með fjölkjarna ákvæðið – mjög mikilvægt, þarf að styrkja ef að sameiningum verður.
- Tekjustofnar og verkefni sveitarfélaga – komið inn á tekjur af fiskeldi – skatttekjur sem fara til ríkisins.
- Er jöfnunarkerfið réttlátt? – er of flókið – hver skilur það – óréttlátt - á ekki að vera tæki til að niðurgreiða ósjálfbæran rekstur.
- Hlutdeild í auðlindarentu (fiskeldi og útgerð). Margar útfærslur, erfitt að ná út fjármagni ef það rennur í miðlægan pott (fjármálaráðuneytið).

- Auðlindarenta og landfræðileg „lán-semi“
  - Renta af hitaveitum – þeir fyrir sunnan fá hana en ekki Vestfirðingar.
- Um streymi fjármagns frá Vestfjörðum til ríkisins.
- Jöfnunarsjóður þarf að vera gagnsærri – flókkinn.

### *Lýðræði og þátttaka*

- Eru byggðasamlög verri en sameinað sveitarfélag – stækkun kallar á minnkun lýðræðis – minni þátttaka - lítið sveitarfélag jafn vel í stakk búið til að þjónusta íbúa.
- Horft til Austurlands.
- Lýðræði – persónukjör – já – koma í veg fyrir að flokkur sé sjálfkjörinn.
- Hlutbundnar kosningar æskilegri, meira lýðræði.

### *Fleiri verkefni til sveitarfélaga – aukin þjónusta*

- Stækka og fela sveitarfélögum fleiri verkefni er æskileg framtíðarsýn.
- Málefni fatlaðra – rekin með halla - fleiri sambærileg verkefni, illa fjármögnuð frá ríkinu geta haft neikvæð áhrif á sjálfstjórn sveitarfélaga.
- Ef það á að færa verkefni þá verða að vera tekjur.
- Hvernig þjónustum við íbúa sveitarfélaga sem best – setja íbúa í forgang – reynsla af sameinuðu sveitarfélagi er betri þjónusta.
- Er hægt að fjölga þeim verkefnum sem sveitarfélög geta tekið að sér?
  - Það yrði að meta betur hvort innviðir og stjórnsýsla geti tekið að sér meiri umsvif – getum við tekið þetta að okkur.
  - Íbúatala skiptir öllu máli.

Umræðu lokið kl. 14:00.

## **7. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn á Grenivík, mánudaginn 20. maí og hófst kl. 14.00.**

*Mættir:* Hilda Jana Gísladóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir (fulltrúi í starfshópnum), Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Halla Björk Reynisdóttir og Gunnar Gunnarsson frá Akureyri. Elías Pétursson frá Langanesbyggð. Helgi Héðinsson frá Skútustaðahreppi. Katrín Bjarnadóttir frá Tjörneshreppi. Sigmundur E. Ófeigsson frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarða. Reinhard Reynisson frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Þröstur Friðfinnsson frá Grýtubakkahreppi. Jón Stefánsson frá Eyjafjarðarsveit. Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit. Kristján Þór Magnússon frá Norðurþingi. Helga Helgadóttir frá Fjallabyggð. Katrín Sigurjónsdóttir frá Dalvíkurbyggð. Helga María Pétursdóttir frá Eyþing. Axel Grettisson frá Hörgársveit og Björg Erlingsdóttir frá Svalbarðsstrandarhreppi.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson, formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin. Ásta Stefánsdóttir (í starfshópnum), Hermann Sæmundsson og Stefanía Traustadóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Valgarður Hilmarsson* formaður setti fundinn og gerði grein fyrir aðdraganda að skipan starfshópsins og verkefnum hans (sjá glærुकynningu). Hann fór m.a. yfir hvernig unnið verði að framkvæmd verkefnisins að lokinni umfjöllun og samráði um Grænbókina og úrvinnslu þess sem þar kemur fram, þ.e. gerð þingsályktunartillögu og samráð um hana.

*Hermann Sæmundsson* skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu gerði frekari grein fyrir hvernig fundurinn fer fram, lagði áherslu á að verkefni funda sem þessara væri að fá skýrari mynd af hverjar áskoranirnar væru og hvernig mætti vinna með þær. Að safna saman sjónarmiðum um allt land. Hann kynnti Grænbókina enn frekar og fór yfir helstu þætti í ritinu.

## Umræður:

**Umræða um verkefnið, vinnu við stefnumótun til lengri tíma og hvernig sveitarstjórnarfolk ætla að vinna með Grænbókina/umræðuskjalið.**

- Almenn ánægja með að þessi vinna sé farin af stað.
  - ✓ Grænbókin ágætis skýrsla - byggir á góðum grunni.
  - ✓ Spurningarnar eru margar mjög vekjandi.
- Bæjarstjórn ætla að halda vinnufund um spurningarnar og senda inn umsögn.
- Búið að ræða þetta í Dalvíkurbyggð.
- Æskilegt að umsagnar og samráðsferlið væri lengra, umræðan er svo mikilvæg.
  - Að fresturinn verði lengdur.
  - Að hægt verði að fara með málið til íbúa.
  - Þarf lengri tíma og vera markvissara.
  - Áhugi á þessum málum hjá íbúum er ekki mikill – mikilvægt að virkja þá.
  - Ekki endilega að íbúar vilji fara svo mikið í samráð - íbúasamráð ofmetið.
  - Knappur tími til að geta kynnt þetta fyrir íbúum.
  - Skammur tími.

### **Frábært að þessi umræða sé komin fram**

- Ekkert nýtt - verið rætt aftur og aftur.
- Verum ekki að þvæla málið of lengi - búin að gera það of lengi.
- Enn ein tilraunin til að taka samtalið – Eyrúnarskýrslan? Var hún ekki grunnur sem hægt er að byggja á. Þurfti nýja umferð?
- Ekki sjá þriðja stjórnsýslustigið.
- Athyglisvert að í skýrslunni er lögð áhersla á tillöguna í Eyrúnarskýrslunni um þvingaða sameiningu og 1.000 lágmarksíbúafjölda
- Gerð óformleg könnun – meðal talsmanna smærri sveitarfélaga – langflestir á móti.

### **Hvað er sveitarfélag**

- Aðaláhersla á starfsemi sveitarfélaga – hver eru verkefni og hvað þurfa þau að vera fær um að gera?

### **Hvað þarf sveitarfélag að vera stórt (fjölmenn), lágmarksíbúafjöldi?**

- Ekki að vera að miða við íbúafjölda, verður að líta til landssvæðisins.
- Er betra að setja lög?
  - Menn átta sig ekki á tölunni.
- Þarf að huga á öðru.
  - Hvað með landssvæði?
- Er hámark líka nauðsynlegt.
- Teikna upp nýtt sveitarfélagakort – með hliðsjón af landfræðilegu og fleiri slíkum þáttum - horfa til landfræðilegra þátta og ekki síst samgangna.
- Allt í lagi að setja fram tillögu um lágmarkstölu.
- Landrými og land skiptir máli í því hvernig sveitarfélag er samansett.
- Hvaða valkostir eru í stöðunni – breytingar?
- Ef við værum að teikna upp nýtt landakort - hvað kæmi út úr því?
- Það eru of mörg sveitarfélög í dag - miðað við hvaða kröfur - setjum viðmið.
- Gefist best að sameina sveitarfélög sem eru sambærileg.
- Set spurningarmerki við að setja tölu – aðalatriði er að sveitarfélög geti sinnt verkefnum – þess vegna þarf að skilgreina það.
- Vara við að henda fram tölunni án góðs rökstuðnings.
- Skilgreina hvað þau ættu að geta.
- Vantar umræðu um skynsamlega nýtingu opinberra fjármuna - sem forsendu sameiningar og aukinnar þjónustu. Þess vegna á að sameina sveitarfélög.

### **Sameiningar sveitarfélaga**

- Í umræðum um sameiningar er ekki alltaf verið að byggja á skiljanlegum rökum (þ.e. fyrir íbúa).
- Ekki hægt að veifa peningum - ekki berja til hlýðni.
- Ekki rökstuðningur fyrir tillögunni í Eyrúnarskýrslunni um íbúafjölda, snýst um landsvæði og fleira.
- Ekki einfalt að marka eina stefnu sem nær utan um ólíkar aðstæður (landsvæði, fjarlægðir, o.s. frv.).
  - Brothættar byggðir eru allar í sameinuðum sveitarfélögum.
  - Hafa veikt sveitarfélögin sem hafa tekið við þeim.
  - Regla að jaðarsvæði eiga undir högg að sækja - og eftir því sem sveitarfélögin eru stærri er lengra í þau.
- Oft gripið til sameininga of seint. Komin fram á brúninni þegar sameiningin hefur átt sér stað.
- Finna jafnvægi en það þarf að vera lágmarkstala.
  - Þarf líka að ræða hvort það á það að vera algild regla eða finnast undanþágur.
- Stórt og stórt ekki það sama. Þarf að huga að annars vegar íbúafjölda og hins vegar landfræðilegri legu.
  - Ef til vill rétt að breyta núverandi sveitarfélaga mörkum.
- Það sem er sammerkt með sveitarfélögum á landinu öllu er að þau eru að veikjast.
- Sveitarfélögin og íbúar vinni saman að því móta framtíð sína, hver er menning? sveitarfélaganna sem eru að ræða saman, hvað eiga þau sameiginlegt?
- Landfræðisleg staða mikilvæg, 1.000 er ekki nein heilög tala.
- Hvernig viljum við sjá sveitarfélögin þróast – er framtíðin „Norðurland eitt sveitarfélag“.
- Norðurland eitt sveitarfélag er bara 3ja sveitarstjórnarstigið.
- Sameiningar lækna ekki öll sár - bjó á ....., hærra þjónustustig í sameinuðu sveitarfélagi, lokanir banka, pósthúsi og öðru hafa ekkert með sameiningu að gera.
- Við sameiningu er hætt á að störf fari frá litlu sveitarfélögunum.

### **Landshlutasamtökin**

- Verður gott að fá betri skilgreiningu á hlutverki landshlutasamtaka.
- Fá skýrari mynd af því hvernig landshlutasamtökin verði að vera.
  - Erfitt að vera með tvo bolta á lofti
- Við þurfum sjálf að finna út á hvað við viljum með landshlutasamtök.
- Þau þjóna minni sveitarfélögum og koma í veg fyrir sameiningu.

### **Byggðamál og byggðastefna**

- Rætt um höfuðstaðastefnu, réttindi og skyldur
- Hvaða byggðaaðgerðir geta fylgt með - vantar útfærslu og raunhæfar tillögur
  - t.d. að leggja fram aðgerðaáætlun um að flytja stofnanir út á land. Það myndi efla sveitarfélögin.
- Sameining sveitarfélaga leysir ekki byggðavandann.
- Byggðaaætlun aldrei verið betri - fylgja henni eftir.

### **Samskipti ríkis og sveitarfélaga**

- Þar er oft ábótavant – ómarkviss.
- Leikreglurnar koma en ekki fjármagnið.
- Nýleg tilkynning um skerðingu á Jöfnunarsjóði er óásættanleg.
- Gjá milli sveitarfélaga og ríkis um fjármálatillögur – senda inn umsagnir.

### **Hvernig á samstarf sveitarfélaga að vera - byggðasamlög**

- Byggðasamlög eru ekki bara hjá litlum sveitarfélögum,
  - Ekki byggðasamlög á Akureyri.
- Hvernig verkefni eru leyst skiptir mestu máli.

- Ekki endilega sjálfgefið að það sé galli að vera með þau í byggðasamlögum.
- Þetta snýst ekki allt um sameiningar - kannski hagræði, að vinna saman í ákv. málum hefur gefist vel.
- Fara lengra inn í að vinna saman án þess að fara í sameiningar.
- Kallar á meiri stefnumörkun innan landshlutasamtaka.
- Reyna að skapa landshlutasamtökum sérstöðu og aukin verkefni er lúxus - við erum með styrkleika að vera með stóran byggðakjarna - sem er Akureyri.

### **Staða kjörinna fulltrúa**

- Veltan er of mikil, þarf að vera reynsla í svona seigfljótandi kerfi.
- Þarf að gera fólki auðveldara að taka þátt.
- Meiri tími og peningar.
- Umhverfi fólks sem er að vinna að sveitarstjórnarmálum er ekki gefandi.

### **Lýðræði**

- Komið inn á tilraunina á Austurland - íbúalýðræði.
  - Einsleitari sveitarfélög fyrir austan.
- Sameiningar þurfa ekki endilega að skerða lýðræði.

### **Tekjuskipting og samskipti ríkis og sveitarfélaga og Jöfnunarsjóður**

- Verið að setja á okkur verkefni - oftast dugar ekki það fjármagn sem þeir fyrir sunnan ákveða.
  - Tekið tillit til þess í gegnum Jöfnunarsjóð.
- Hvernig geta sveitarfélög staðið undir verkefnum?
  - Fullnýting á útsvari.
  - Nýir tekjustofnar eins og gistináttgjald.
- Ef á að nást árangur í að breikka og styrkja tekjustofna þurfa öll sveitarfélög að vera fær um að veita sömu eða sambærilega þjónustu.
- Í stærri sveitarfélögum er leitast við að jafna þjónustu og þegar sameining er við þau minni verður betri nýting.
- Víðfeðm sveitarfélög kalla á dýrari þjónustu.
- Útsvarstekjur í botn hér á svæðinu.
- Aukatekjur á svæðinu - þarf aðkomu ríkisins.
- Nýta betur tæknilegar lausnir – tækni.
  - Það skiptir máli að stjórnsýslan á höfuðborgarsvæðinu tileinki sér það líka.
- Framlagið frá Jöfnunarsjóði notað til að halda uppi byggð á Bakka - þegar því lauk - þá lagist byggðin endanlega af.
- Hvernig er hægt að útfæra Jöfnunarsjóð með tilliti til þess að það verði sýnilegt að stærri sveitarfélög eru að borga fyrir þjónustu í öðrum minni sveitarfélögum.
- Ósýnileg þjónusta - til íbúa sem eru ekki endilega þeirra.

Fundi slitið kl. 15:45.

## **8. Samráðsfundur vegna stefnumótunar í málefnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka haldinn í húskynnum SSH Hamraborg 9 Kópavogi, föstudaginn 14. júní og hófst kl. 12:00.**

*Hverjir mættu:* Rósa Guðbjartsdóttir frá Hafnarfirði, Haraldur Sverrisson frá Mosfellsbæ, Ásgerður Halldórsdóttir frá Seltjarnarnesbæ, Ármann Kr. Ólafsson frá Kópavogi, Karl M. Kristjánsson frá Kjós, Gunnar Einarsson frá Garðabæ og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH.

*Frá fundarboðendum:* Valgarður Hilmarsson formaður starfshóps um mótun framtíðarstefnu fyrir sveitarfélögin, Hermann Sæmundsson og Stefanía Traustadóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Sigtryggur Magnason aðstoðarmaður ráðherra.

Valgarður Hilmarsson og Hermann Sæmundsson kynntu í grófum dráttum verkefni starfshópsins og fyrirbyggjandi Grænbók.

## **Umræða:**

### ***Að setja með lögum ákvæði um íbúafjölda***

- Kominn tími til að taka ákvörðun.
- 1.000 ekki heilög tala – því ekki töluvert hærri tala?

### ***Samskipti ríkis og sveitarfélaga***

- Mikilvægt að í greinargerð verði dregin fram í hvaða stöðu sveitarfélög eru gagnvart ríkinu.
  - Grá svæði – endalaus umræða.
  - Málaferli sem oft eru óþörf.
- Er kominn tími á einhvers konar úrskurðaraðila - gerðadóm sem leggur mat á ágreining?
- Er leið að fela Umboðsmanni eitthvert hlutverk sem væri til að leysa úr ágreiningsmálum?
- Aðkoma Alþingis að málefnum sveitarfélaga.
  - Að Alþingi fái reglulega skýrslu um stöðu sveitarfélaga og hvar einstaka mál sem eru á döfnni liggja.

### ***Staða landshlutasamtakanna***

- Það þarf að huga að hvernig framlög til LHS úr Jöfnunarsjóði eru reiknuð – getur ekki verið réttlátt að það sé ekki tekið neitt tillit til íbúafjölda.

### ***Um tekjuskiptingu og samskipti ríkis og sveitarfélaga***

- Í stefnumarkandi skjali verður að taka umræðu og fá botn í tekjuskiptingu og finna leiðir til að bæta samskipti ríkis og sveitarfélaga.
- Við flutning verkefna hefur verið tekin 0-staða – ekki gert ráð fyrir fyrirætlun ríkisins til lengri tíma sem fela óhjákvæmilega í sér aukin útgjöld.
- Við og þið – sjónarmið sem ekki gengur - við erum öll í sama liði – að þjóna íbúum og sýsla með almannafé.
- Ráðuneytin vinna ekki saman – erfitt fyrir fulltrúa sveitarfélaga að ná sambandi og fá fram ákvörðun.

### ***Verkefni til framtíðar***

- Að nærþjónustan eigi að vera á borði sveitarfélaga, í mun meira mæli en nú.
- Þjónusta við aldraða – sprengingin framundan.

### ***Staða kjörinna fulltrúa***

- Styrkja stöðu þeirra – þ.e. styrkja hið pólitíska vald.
- Veik stað þeirra ýtir undir sterkari stöðu sérfræðinga og það getur kallað á átök og ágreining.
- Bæta kjör og starfsaðstæður þeirra.

Fundi slitið kl. 13:15.